

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.76 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/388 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.76.
- 4.84 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/390 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.84.
- 5.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/397 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, fylgiskjal 5.7.
- 6.4 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/401 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 692/2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 6.4.
- 7.39 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/394 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.39.
- 8.31 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/395 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.31.
- 9.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/396 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2022/266/SSUÖ um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu, sbr. fylgiskjal 9.4.
- 10.3 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/398 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/263 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu, sbr. fylgiskjal 10.3.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 23. apríl 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.76.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/388****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtogaráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi stuðning sinn við sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar. Leiðtogaráðið lýsti því yfir að viðleitni til að takmarka enn frekar getu Rússlands til að heyja strið yrði að halda áfram. Það lét einnig í ljós að Sambandið væri tilbúið að auka þrýsting á Rússland, þ.m.t. með frekari refsiaðgerðum.
- 3) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 4) Einkum telur ráðið að bæta ætti 48 aðilum og 35 rekstrareiningum, sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, á skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 5) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er telur ráðið nauðsynlegt að innleiða tvær frekari viðmiðanir fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem þvingunaraðgerðir taka til. Fyrri viðmiðunin á við um aðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga, stjórna, hafa umsjón með eða starfrækja skip sem taka þátt í tiltekinni starfsemi eða sem á annan hátt útvega efnivið eða tæknilegan eða fjárhagslegan stuðning við starfsemi slíkra skipa. Önnur viðmiðunin á við um aðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega eða njóta góðs af hergagnaiðnaði í Rússlandi.
- 6) Tekjur af rússneskri sjófluttri olíu er umtalsverður hluti af fjármagni Rússlands og ýtir því undir ólöglegt árásarstrið þess gegn Úkraínu. Að því er varðar þennan olíuútlutning treystir Rússland í auknum mæli á flota skipa sem stunda ófullnægjandi og áhættusama sjóflutninga, svo sem að starfa með ófullnægjandi eða engar tryggingar („skuggaflotinn“). Þessi skip skapa umtalsverða áhættu fyrir siglingaöryggi og umhverfis-áhættu í Sambandinu, aðildarríkjum þess sem eru strandríki og þriðju löndum sem eru strandríki. Einkum vakti Alþjóðasiglingamálastofnunin athygli á þessari áhættu í ályktun allsherjarþingsins A.1192(33), sem samþykkt var 6. desember 2023, þar sem aðildarríkin og aðrir viðkomandi hagsmunaaðilar voru hvattir til að þróa hæfni og sýna tilhlýðilega kostgæfni til að koma í veg fyrir, greina og tilkynna um starfsemi skuggaflotans og ólöglega starfsemi sem slík skip gera mögulega. Að komið verði í veg fyrir að aðilar og rekstrareiningar ráðist í og greiði fyrir áhættusömum sjóflutningum við flutning á olíu að rússneskum uppruna og að starfsemi skuggaflotans verði trufluð grefur þess vegna undan því að Rússar geti myndað tekjur til stríðsreksturs og á sama tíma styður það við alþjóðlegar ráðstafanir til að vernda og bæta gæði umhverfisins. Slíkt átak gegn starfsemi skuggaflotans ætti að fara fram með markvissum hætti og taka tillit til ábyrgðar viðkomandi rekstraraðila við ákvarðanatöku og í rekstri. Enn fremur ætti ekki að skerða lóðsþjónustu sem nauðsynleg er fyrir siglingaöryggi.
- 7) Einnig þykir rétt að auka við núverandi fjárlosunarundanþágu svo hún nái til þriggja skráðra einstaklinga til viðbótar, þ.m.t. sérstaka undanþágu vegna afhendingar sérstakrar vöru og þjónustu sem nauðsynleg er fyrir neðanjarðarlestarkerfið í Búdapest og rýmka gildissvið tveggja núverandi undanþága varðandi tilteknar millifærslur fjármuna og greiðslur.
- 8) Rétt þykir að gera tæknilegar breytingar í því skyni að tryggja gagnsæi ákvæðisins í ákvörðun 2014/145/SSUÖ varðandi skjöl í vörslu stofnana Sambandsins og vinnslu persónuupplýsinga.
- 9) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr. 1. gr.:

- „h) einstaklingar sem eiga, stjórna, hafa umsjón með eða starfrækja skip sem flytja hráolíu eða jarðolíu-afurðir sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33), eða á annan hátt útvega starfsemi slíkra skipa efnivið, tæknilegan eða fjárhagslegan stuðning eða
 - i) einstaklingar sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Rússlands, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og búnaðar,“.
- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr.:
 - „k) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga, stjórna, hafa umsjón með eða starfrækja skip sem flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33), eða á annan hátt útvega starfsemi slíkra skipa efnivið, tæknilegan eða fjárhagslegan stuðning eða
 - l) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Rússlands, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og búnaðar,“.
 - b) Í stað 29. mgr. kemur eftirfarandi:

„29. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingunum sem skráðir eru undir færslunúmerunum 92, 694, 719, 721, 881 og 920 undir fyrirsögninni „Aðilar“ í viðaukanum, eftir að hafa ákvarðað að:

 - a) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur vegna sölu og yfirfærslu eignarréttar fyrir 30. júní 2025 í beinni eða óbeinni eigu eins þessara einstaklinga í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu og
 - b) að ágóði af slíkri sölu og yfirfærslu sé frystur.“
 - c) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorða í 31. mgr.:

„31. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun, eða lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna til Sambandsins frá Rússneska sambandsríkinu, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra:“.
 - d) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorða í 32. mgr.:

„32. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu til Sambandsins frá Rússneska sambandsríkinu, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun, eða gegnum eða frá lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar:“.
 - e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„34. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, greiðslur til rekstrareiningar sem skráð er undir færslunúmerinu 265, undir fyrirsögn „B. Rekstrareiningar“ í viðaukanum, fyrir vörur og þjónustu sem einungis sú rekstrareining getur veitt og sem eru nauðsynlegar vegna rekstrar, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest, sem Metrowagonmash afhenti 2018. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 3) Í stað 1. mgr. í 4. gr. a kemur eftirfarandi:

„1. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari ákvörðun, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal einnig gilda um tillögur æðsta fulltrúans að breytingum á þessari ákvörðun og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. b

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í viðaukanum,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.“

2. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj)).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/388/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 4.84.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/390****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽²⁾ koma þær þvingunaraðgerðir til framkvæmda sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 24. febrúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/388⁽³⁾ sem breytir ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 3) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/388 eru einnig innleiddar tvær frekari viðmiðanir fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem sæta frýstingu fjármuna þeirra og efnahagslegs auðs og banninu við að gera slíka fjármuni og efnahagslegan auð þeim aðgengilegan. Fyrri viðmiðunin á við um aðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga, stjórna, hafa umsjón með eða starfrækja skip sem taka þátt í tiltekinni starfsemi eða sem á annan hátt útvega efnivið eða tæknilegan eða fjárhagslegan stuðning við starfsemi slíkra skipa. Önnur viðmiðunin á við um aðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega eða njóta góðs af hergagnaiðnaði í Rússlandi. Ákvörðun (SSUÖ) 2025/388 eykur einnig við núverandi fjárlosunarundanhágu svo hún nái til þriggja skráðra einstaklinga til viðbótar, hefur að geyma undanhágu vegna afhendingar á tilteknum vörum og þjónustu sem er nauðsynleg fyrir neðanjarðarlestarkerfið í Búdapest og rýmkar gildissvið tveggja núverandi undanhága varðandi tilteknar millifærslur fjármuna og greiðslna.
- 4) Tekjur af rússneskri sjófluttri olíu er umtalsverður hluti af fjármagni Rússlands og ýtir því undir ólöglegt árásarstríð þess gegn Úkraínu. Að því er varðar þennan olíuútflutning treystir Rússland í auknum mæli á flota skipa sem stunda ófullnægjandi og áhættusama sjóflutninga, s.s. með því að starfa með ófullnægjandi eða engar tryggingar („skuggaflotinn“). Þessi skip skapa umtalsverða áhættu fyrir siglingaöryggi og umhverfisáhættu í Sambandinu, aðildarríkjum þess sem eru strandríki og þriðju löndum sem eru strandríki. Einkum vakti Alþjóðasiglingamálastofnunin athygli á þessari áhættu í ályktun allsherjarþingsins A.1192(33), sem samþykkt var 6. desember 2023, þar sem aðildarríkin og aðrir viðkomandi hagsmunaaðilar voru hvattir til að þróa getu og sýna tilhlýðilega kostgæfni til að koma í veg fyrir, greina og tilkynna um starfsemi skuggaflotans og ólöglega starfsemi sem slík skip gera mögulega. Að komið verði í veg fyrir að aðilar og rekstrareiningar ráðist í og greiði fyrir áhættusömum sjóflutningum við flutning á olíu sem er upprunnin í Rússlandi og að starfsemi skuggaflotans verði trufluð grefur þess vegna undan því að Rússar geti myndað tekjur til stríðsreksturs og á sama tíma styður það við alþjóðlegar ráðstafanir til að vernda og bæta gæði umhverfisins. Slíkt átak gegn starfsemi skuggaflotans ætti að fara fram með markvissum hætti og taka tillit til ábyrgðar viðkomandi rekstraraðila við ákvarðanatöku og í rekstri. Enn fremur ætti ekki að skerða lóðsþjónustu sem nauðsynleg er vegna siglingaöryggis.
- 5) Ef það er nauðsynlegt til að berjast gegn sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 269/2014, ætti framkvæmdastjórnin að geta skipst á upplýsingum um verslun, viðskipti og rekstraraðila í þriðju löndum við lögbær stjórnvöld samstarfslanda, sem um getur í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽⁴⁾, sem beita svipuðum þvingunaraðgerðum.
- 6) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽⁵⁾ er tilteknum tegundum rekstrareininga, nánar tiltekið tilkynningarskyldum rekstrareiningum sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. hennar, skylt að tilkynna um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjunum Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁶⁾ var broti á þvingunaraðgerðum Sambandsins bætt á skrána yfir frumbrot sem sett er fram í 1. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673⁽⁷⁾. Vegna þeirrar viðbótar og skv. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 frá og með maí 2025 verður tilkynningarskyldum rekstrareiningum skylt að tilkynna skrifstofum fjármálagreininga lögreglu um öll grunsamleg viðskipti í tengslum við grun um brot gegn þvingunaraðgerðum Sambandsins. Enn fremur er

þess krafist í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir veiti lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þeir eða þau eru búsett eða staðsett hvers kyns upplýsingar sem myndu greiða fyrir framkvæmd þeirrar reglugerðar innan tveggja vikna frá því að þeirra var aflað og að þau vinni með lögbæra stjórnvaldinu að hvers kyns sannprófunum á slíkum upplýsingum. Til að komast hjá tvöfaldri skýrslugjöf geta aðildarríkin ákveðið að þessum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sé ekki skylt að gefa lögbærum stjórnvöldum, öðrum en skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, skýrslu með sömu upplýsingum.

- 7) Rétt þykir að auka samstarf milli lögbærra landsbundinna stjórnvalda, m.a. með því að styrkja hlutverk skrifstofa fjármálagreininga lögreglu við upplýsingaskipti sem máli skipta hvað varðar framkvæmd og framfylgd þeirra þvingunaraðgerða sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 269/2014.
- 8) Í ljósi þess hversu mikilvægt er að rekstraraðilar í Sambandinu fari að ákvæðum þvingunaraðgerða þeirra ætti framkvæmdastjórnin að veita þeim aðstoð sem auðveldar þeim að fara að tilskildum ákvæðum, einkum þar sem slík reglufylgni myndi útheimta umtalsverð tilföng og þar sem miðlægur stuðningur gæti bætt skilvirkni. Þetta á einkum við í tengslum við áreiðanleikakönnunina sem krafist er að rekstraraðilar í Sambandinu geri í tengslum við mögulega viðskiptafélaga. Framkvæmdastjórnin ætti að geta unnið nauðsynlegar persónuupplýsingar í því skyni.
- 9) Til að tryggja rétta framkvæmd þvingunaraðgerða og fullnægjandi vernd rekstraraðila í Sambandinu þykir rétt, skv. 11. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 269/2014, að rekstraraðilar í Sambandinu eigi, með málarekstri fyrir lögbærum dómstólum aðildarríkis, rétt á að fara fram á skaðabætur vegna tiltekins beins eða óbeins tjóns sem þeir verða fyrir vegna krafna sem rekstrareiningar eða aðilar, sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, m.a. vegna tjóns sem lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstraraðila í Sambandinu hafa orðið fyrir, með fyrirvara um landsreglur um bann við tvöfaldri endurheimt. Að auki ættu rekstraraðilar í Sambandinu að geta farið fram á skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þeim rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 269/2014. Í aðstæðum þar sem Rússland eða annað þriðja land gerir ráðstafanir til að hindra að farið sé að reglugerð (ESB) nr. 269/2014 má líta svo á að rekstraraðilar í Sambandinu séu í reynd sviptir því að hafa virkan aðgang að úrræðum í þessum innlendu lögsögum.
- 10) Til að tryggja skilvirka framkvæmd þvingunaraðgerða og ráða bót á mögulegum aðstæðum þar sem aðgangur að réttarkerfinu er ekki fyrir hendi þykir rétt að kveða á um *forum necessitatis* til að gera dómstóli í aðildarríki kleift, í undantekningartilvikum, að úrskurða um skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 11. gr. í reglugerð (ESB) nr. 269/2014 þegar lög Sambandsins eða lög aðildarríkis kveða ekki á um að dómstóll í tilteknu aðildarríki hafi lögsögu. Þó ætti eingöngu að nýta lögsögu sem byggist á *forum necessitatis* þegar mál hefur fullnægjandi tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín, t.d. þegar kröfuhafinn hefur lögheimili í því aðildarríki eða er skráður þar samkvæmt lögum.
- 11) Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 gildir aðeins innan lögsögumarka sem skilgreind eru í 17. gr. þeirrar reglugerðar. Ef rekstraraðilar í Sambandinu geta haft afgerandi áhrif á framferði lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins á skilvirkan hátt geta þeir jafnframt borið ábyrgð á aðgerðum þess lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem grafa undan þvingunaraðgerðunum og ættu að beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir að slíkar aðgerðir eigi sér stað.
- 12) Slík áhrif má leiða af eignarhaldi eða yfirráðum yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun. Eignarhald merkir umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða meirihluta í þeim. Þættir sem gefa til kynna yfirráð eru m.a.: réttur eða vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, réttur til að nota allar eignir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, réttur til að stjórna starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil, eða réttur til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun.
- 13) Rétt þykir að gera þá kröfu að rekstraraðilar í Sambandinu geri sitt ýrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 269/2014. Til slíkrar starfsemi telst starfsemi sem hefur þau áhrif sem reynt er að koma í veg fyrir með þessum þvingunaraðgerðum, t.d. að fjármunir eða efnahagslegur auður sé aðgengilegur aðila sem er á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014.
- 14) Leggja ætti þann skilning í bestu viðleitni að hún taki til allra viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða til að ná fram árangri sem kemur í veg fyrir að grafið verði undan þvingunaraðgerðunum í reglugerð (ESB) nr. 269/2014. Aðgerðirnar geta t.d. falið í sér innleiðingu viðeigandi stefna, stjórnækja og verklagsreglna til að draga úr og stýra áhættu á skilvirkan hátt, að teknu tilliti til þátta á borð við þriðja landið þar sem

fyrirtækið hefur staðfestu, atvinnugrein og tegund starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstraraðili í Sambandinu á eða hefur undir sínum yfirráðum. Jafnframt ber að skilja bestu viðleitni svo að hún taki einungis til aðgerða sem eru framkvæmanlegar fyrir rekstraraðilann í ljósi eðlis hans, umfangs og viðeigandi raunverulegra aðstæðna, einkum þess hversu mikil yfirráð hann hefur yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins. Slíkar aðstæður taka til aðstæðna þar sem rekstraraðili í Sambandinu getur, af ástæðum sem hann sjálfur kom ekki að, s.s. löggjöf þriðja lands, ekki farið með yfirráð yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hann á sjálfur.

- 15) Rétt þykir að gera nokkrar tæknilegar breytingar í því skyni að tryggja gagnsæi í tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 269/2014, þ.m.t. þeim sem eiga við um skjöl í vörslu stofnana Sambandsins og vinnslu persónuupplýsinga.
- 16) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 17) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. mgr. 3. gr.:

„k) einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eiga, stjórna, hafa umsjón með eða starfrækja skip sem flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33), eða á annan hátt útvega starfsemi slíkra skipa efnivið, tæknilegan eða fjárhagslegan stuðning eða

l) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Rússlands, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og búnaðar,“.

- 2) Ákvæðum 6. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, greiðslur til rekstrareiningar sem skráð er undir færslunúmerinu 265, undir fyrirsögn „B. Rekstrareiningar“ í I. viðauka, fyrir vörur og þjónustu sem einungis sú rekstrareining getur veitt og sem eru nauðsynlegar vegna rekstrar, viðhalds eða aðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest, sem Metrowagonmash afhenti 2018.“

- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. og 1. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 3) Ákvæðum 6. gr. b er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað 5. mgr. f:

„5f Þrátt fyrir 2. gr. þessarar reglugerðar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingunum sem eru á skrá undir færslunúmerum 92, 694, 719, 721, 881 og 920 undir fyrirsögninni „Aðilar“ í I. viðauka, eftir að hafa ákvarðað að:

- a) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur vegna sölu og yfirfærslu eignarréttar fyrir 30. júní 2025 í beinni eða óbeinni eigu eins þessara einstaklinga í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu og
- b) að ágóði af slíkri sölu og yfirfærslu sé frystur.“

- b) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. h kemur eftirfarandi:

„5h Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessarar reglugerðar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð,

eða lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna til Sambandsins frá Rússneska sambandsríkinu, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra.“

- c) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. i kemur eftirfarandi:

„5i Þrátt fyrir 2. gr. þessarar ákvörðunar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu til Sambandsins frá Rússneska sambandsríkinu, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð, eða gegnum eða frá lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar.“

- 4) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Framkvæmdastjórnin getur, í samráði við aðildarríkin og á grundvelli gagnkvæmni, skipst á upplýsingum við lögbær stjórnvöld samstarfslands, sem skráð er í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, um verslun, viðskipti og rekstraraðila í þriðju löndum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í þessari reglugerð, að því marki sem það skiptir máli og er nauðsynlegt fyrir skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar. Ef þær upplýsingar innihalda persónuupplýsingar skulu skiptin fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í V. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725⁽⁸⁾.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, tengjast í undantekningartilvikum rekstraraðila með staðfestu í aðildarríki skal framkvæmdastjórnin fá samþykki lögbærra stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríki áður en nokkur upplýsingaskipti fara fram.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, töllyfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁹⁾, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽¹⁰⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽¹¹⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/65/ESB⁽¹²⁾, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/849 og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir ásamt lausafé og fasteignum eru á skrá skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef þörf krefur, upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a þessarar greinar, við önnur lögbær stjórnvöld síns aðildarríkis, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfirvalda.“

- 5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, eftir því sem þurfa þykir, til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð, í tengslum við framlag hennar til rétttrar framkvæmdar, framfylgdar og til að koma í veg fyrir að ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, verði sniðgengnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. sérstaka flokka persónuupplýsinga og persónuupplýsinga sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, til þess að bera kennsl á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til þess að aðstoða aðilana sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar við að fara að þessari reglugerð.“

- 6) Í stað 11. gr. a kemur eftirfarandi:

„11. gr. a

Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 17. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir yfirráðum aðila sem um getur í d-lið 17. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a- eða b-lið

1. mgr. 11. gr., leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirknan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 11. gr., sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.

- 7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„11. gr. b

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 11. gr. a, að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

- 8) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 12. gr.:

„c) um greind tilvik um brot, sniðgöngu og tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð með notkun sýndareigna.“

- 9) Eftirfarandi grein er bætt við:

„15. gr. a

Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu gera sitt ýtrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.“

- 10) Í stað 2. mgr. 16. gr. a kemur eftirfarandi:

„2. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur sem gilda um meginstofnanir Sambandsins veita. Sama vernd skal einnig gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 18.6.2011, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/prot/2014/145/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/388 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2025/388, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/388/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673 frá 23. október 2018 um baráttuna gegn peningþvætti samkvæmt refsirétti (Stjtið. ESB L 284, 12.11.2018, bls. 22, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2018/1673/oj>).

(⁸) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>)

(⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

(¹⁰) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

(¹¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

(¹²) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálageminga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj>).

Fylgiskjal 5.7.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/397****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. júní 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/386/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtogaráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi staðfasta skuldbindingu Sambandsins til að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómátískan stuðning.
- 3) Sambandið viðurkennir ekki og heldur áfram að fordæma, sem brot á alþjóðalögum, ólögmæta innlimun Rússneska sambandsríkisins á Krím og Sevastopol. Sambandið framfylgir áfram að fullu stefnu sinni um „enga viðurkenningu“.
- 4) Í ljósi alvarleika ástandsins og áframhaldandi ólögmætra aðgerða Rússneska sambandsríkisins þar sem brotnar eru grundvallarreglur þjóðarréttar, þ.m.t. einkum bann við valdbeitingu, sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og brot á grundvallarreglum alþjóðlegs mannúðarréttar, þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- 5) Sambandið er staðráðið í að nota áfram öll diplómátísk, efnahagsleg og lagaleg úrræði sem það hefur yfir að ráða til að koma í veg fyrir að ólöglegt hernám Rússlands á Krím og í Sevastopol festist í sessi og styðja endurheimt Úkraínu á fullveldisrétti yfir alþjóðlega viðurkenndu yfirráðasvæði sínu. Í því skyni að hamla efnahagslegri, fjárhagslegri og lagalegri samþættingu á Krím og Sevastopol við Rússneska sambandsríkið, svo og koma í veg fyrir sniðgöngu Rússneska sambandsríkisins, í gegnum Krím og Sevastopol, á þvingunaraðgerðum Sambandsins sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽²⁾, þykir rétt að víkka út þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2014/386/SSUÖ.
- 6) Einkum þykir rétt að leggja takmarkanir á þjónustu sem auðveldar ólöglegt hernám Rússlands á Krím og í Sevastopol og gerir rekstraraðilum kleift að aðlagast laga- og fjármálakerfi Rússlands, fyrst og fremst vegna veitingar þjónustu á Krím og í Sevastopol varðandi reikningsskil, endurskoðun, bókhald, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf, almannatengsl, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, arkitektahjónustu, verkfræðihjónustu, lögfræðiráðgjöf, ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, tækniþrófanir og greiningar og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi.
- 7) Með það að markmiði að hamla sniðgöngu þykir rétt að banna að Krím og Sevastopol sé útveguð ákveðin tegund hugbúnaðar til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnaðar til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar og tengd hugverkaréttindi eða viðskiptaleyndarmál.
- 8) Einnig þykir rétt að banna afhendingu peningaseðla í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Krím og Sevastopol.
- 9) Í því skyni að lágmarka hættu á sniðgöngu þykir rétt að takmarka útflutning tiltekinnar vöru og tækni, sem er einnig takmörkuð með ákvörðun 2014/512/SSUÖ, til Krím og Sevastopol.
- 10) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11⁽³⁾, þykir rétt að breyta ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 11) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/386/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/386/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3. og 4. gr. falla brott.
- 2) Í 4 gr. a fellur 3. mgr. brott.
- 3) Ákvæðum 4. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út, beint eða óbeint, vörur og tækni eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni hvort sem tæknin og vörurnar eru upprunnar í Sambandinu eður ei,

- a) til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Krím eða í Sevastopol eða
- b) til notkunar á Krím eða í Sevastopol, í eftirfarandi geirum:
 - i. flutningageiranum,
 - ii. fjarskiptageiranum,
 - iii. orkugeiranum,
 - iv. geira leitar, rannsókna og vinnslu á olíu, gasi og jarðefnaauðlindum.“

b) Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. falla brott.

- 4) Ákvæðum 4. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita þjónustu, beint eða óbeint, varðandi reikningsskil, endurskoðun, þ.m.t. lögboðin endurskoðun, bókhald eða skattaráðgjöf eða rekstrar- og viðskiptaráðgjöf eða almannatengsla-þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím og í Sevastopol.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu sem tengist beint grunnvirkjum á Krím eða í Sevastopol í geirum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. b, óháð því hvar vörurnar og tæknin eru upprunnar.

1b. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím eða í Sevastopol.

1c. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsókna, og skoðanakannana, tækniprófana og greiningarþjónustu og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím eða Sevastopol.

1d. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím og í Sevastopol.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.“

1e. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þeim vörum og þjónustu sem um getur í mgr. 1, 1b, 1c og 1d, vegna veitingar hennar, beint eða óbeint, til lögaðila, rekstrareininga, eða stofnana á Krím eða í Sevastopol,
- b) fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í mgr. 1, 1b, 1c og 1d eða því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, beint eða óbeint, til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á Krím og í Sevastopol,
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í mgr. 1d, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint,

til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol eða til notkunar þar.

1f. Ákvæði mgr. 1 og 1b gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.

1g. Ákvæði mgr. 1 og 1b gilda ekki um veitingu þjónustu sem er bráðnauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, svo og vegna viðurkenningar á eða fullnustu

dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskyldu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar ráðsins 2014/145/SSUÖ⁽⁴⁾.

1h. Ákvæði mgr. 1b til 1d b gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

1i. Þrátt fyrir ákvæði mgr. 1d geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir framlag úkraínskra ríkisborgara til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.

1j. Þrátt fyrir ákvæði mgr. 1 til 1e geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu sem þar um getur, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
- b) vegna starfsemi borgaralegs samfélags sem eflir, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á Krím eða í Sevastopol,
- c) vegna starfsemi alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á Krím eða í Sevastopol,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngryti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar eða hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis-afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Úkraínu og Sambandsins, og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.

1k. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. mgr. 1i eða 1j innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- c) Ákvæði 2. og 3. mgr. falla brott.
- 5) Í stað a-liðar 1. mgr. 4. gr. d kemur eftirfarandi:
„a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á Krím eða í Sevastopol, eða“.
- 6) Í 4. gr. e falla 4. og 5. mgr. brott.
- 7) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„4. gr. f

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Krím eða Sevastopol eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Krím eða í Sevastopol eða til notkunar þar.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Krím eða Sevastopol eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
- b) til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á Krím eða í Sevastopol eða

- c) vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiða sem eflir, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á Krím eða í Sevastopol og fær opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í viðaukanum.

4. gr. g

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari ákvörðun eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna vísitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.

4. gr. h

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á skrá í I. viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem, samkvæmt ákvörðun gerðardóms, dóms eða stjórnarsýslustofnunar, hefur brotið gegn þeim bönnum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun,
- c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun ef krafan tengist vörum sem bannað er að flytja inn samkvæmt 2. gr.,
- d) aðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol,
- e) rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- f) aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- til e-liðar þessarar málsgreinar.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.“

- 8) Viðauka er bætt við í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegrar innlimunar Kríms og Sevastopol (Stjtið. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 70, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/386/oj>).

(²) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

(³) Dómur Evrópudómstólsins (þriðja deild) frá 21. desember 2011, *reðsimál á hendur Mohsen Afrasiabi og öðrum*, C-72/11, ECLI:EU:C:2011:874, 67. mgr.

(⁴) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj)).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/397/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 6.4.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/401****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 692/2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegrar innlimunar Kríms og Sevastopol**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/397 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegrar innlimunar Kríms og Sevastopol⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. júní 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 692/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 692/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 24. febrúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/397 sem breytir ákvörðun 2014/386/SSUÖ.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/397 er lagt bann við, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, afhendingu peningaseðla í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Kríms og Sevastopol.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/397 er útflutningur takmarkaður til Kríms og Sevastopol á tilteknum vörum og tækni sem einnig er takmarkaður með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽⁴⁾.
- 6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/397 er lagt bann við að veita Krím og Sevastopol þjónustu varðandi reikningsskil, endurskoðun, bókhald, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf, almannatengsl, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, arkitektþjónustu, verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf, ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, tækniþrófanir og greiningar og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi. Þar er einnig lagt bann við því að Krím og Sevastopol sé útveguð ákveðin tegund hugbúnaðar til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnaðar til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar og tengd hugverkaréttindi eða viðskiptaleyndarmál.
- 7) Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd, koma í veg fyrir sniðgöngu og efla framfylgd þvingunaraðgerðanna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 692/2014, svo og að vernda rekstraraðila í Sambandinu þykir rétt að innleiða nokkur þverlæg ákvæði og breyta orðalagi í tilteknum gildandi ákvæðum.
- 8) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11⁽⁵⁾ breytir ákvörðun (SSUÖ) 2025/397 ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra nánar að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar aðili leitast vísvitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar aðili, sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar, er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 9) Reglugerð (ESB) nr. 692/2014 gildir aðeins innan lögsögumarka sem skilgreind eru í 10. gr. þeirrar reglugerðar. Ef rekstraraðilar í Sambandinu geta og hafa með skilvirkum hætti afgerandi áhrif á framferði lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins geta þeir jafnframt borið ábyrgð á aðgerðum þess lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem grafa undan þvingunaraðgerðunum og ættu að beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir að slíkar aðgerðir eigi sér stað.
- 10) Slík áhrif má leiða af eignarhaldi eða yfirráðum yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun. Eignarhald merkir umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða meirihluta í þeim. Þættir sem gefa til kynna yfirráð eru m.a.: réttur eða vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, réttur til að nota allar eignir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, réttur til að stjórna starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil, eða réttur til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun.
- 11) Rétt þykir að gera þá kröfu að rekstraraðilar í Sambandinu geri sitt ytrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 692/2014. Til slíkrar starfsemi telst starfsemi sem hefur þau áhrif sem reynt er að koma í veg fyrir með þessum

þvingunaraðgerðum, t.d. að viðtakandi á Krím eða í Sevastopol fái vörur, tækni, fjármögnun eða þjónustu af tegund sem fellur undir bönn samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 692/2014.

- 12) Leggja ætti þann skilning í bestu viðleitni að hún taki til allra viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða til að ná fram árangri sem kemur í veg fyrir að grafið verði undan þvingunaraðgerðunum í reglugerð (ESB) nr. 692/2014. Aðgerðirnar geta t.d. falið í sér innleiðingu viðeigandi stefna, stjórnækja og verklagsreglna til að draga úr og stýra áhættu á skilvirkan hátt, að teknu tilliti til þátta á borð við þriðja landið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu, atvinnugrein og tegund starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstraraðili í Sambandinu á eða hefur undir sínum yfirráðum. Jafnframt ber að skilja bestu viðleitni svo að hún taki einungis til aðgerða sem eru framkvæmanlegar fyrir rekstraraðilann í Sambandinu í ljósi eðlis hans, umfangs og viðeigandi raunverulegra aðstæðna, einkum þess hversu mikil yfirráð hann hefur yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins. Slíkar aðstæður taka til aðstæðna þar sem rekstraraðili í Sambandinu getur, af ástæðum sem hann átti enga sök á, s.s. löggjöf þriðja lands, ekki farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun.
- 13) Til að vekja athygli á framfylgdaraðgerðum þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 14) Ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir sjálfviljugur, að öllu leyti og tímanlega um brot á þvingunaraðgerðunum ættu lögbær innlend stjórnvöld að geta tekið tilhlýðilegt tillit til slíkrar sjálfstilkynningar við beitingu viðurlaga, eins og við á, í samræmi við landsbundin stjórnvaldslög eða önnur viðeigandi landslög eða reglur. Þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁶⁾ og þær kröfur sem þar eru settar fram varðandi mildandi aðstæður, gilda.
- 15) Rétt þykir að gera grein fyrir að ekki er hægt að skírskota til varnar gegn bótaábyrgð sem veitt er rekstrar-aðilum í Sambandinu, ef þeir vissu ekki og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla að aðgerðir þeirra myndu brjóta í bága við þvingunaraðgerðir Sambandsins, ef rekstraraðilar í Sambandinu hafa ekki framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun. Rétt þykir að taka tilhlýðilegt tillit til fyrirliggjandi upplýsinga sem eru aðgengilegar almenningi eða tiltækar við framkvæmd slíkrar áreiðanleikakönnunar. Rekstraraðili í Sambandinu getur því t.d. ekki beitt fyrir sig slíkri vernd þegar hann er sakaður um brot gegn viðeigandi þvingunaraðgerðum þar sem hann hefur ekki framkvæmt einfaldar athuganir eða skoðanir.
- 16) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggj sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 17) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 692/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 692/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Lagt skal bann við því:

- a) að flytja inn í Evrópusambandið vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol,
- b) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, svo og tryggingar og endurtryggingar, sem tengist innflutningi á vörunum sem um getur í a-lið.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol og lagðar hafa verið fram til skoðunar hjá ukránskum stjórnvöldum, sem staðfest hefur verið að uppfylli skilyrði um friðindauppruna og sem upprunavottorð hefur verið gefið út fyrir í samræmi við samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og Úkraínu hins vegar.“

- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. aa

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Kríms eða Sevastopol eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Krím eða í Sevastopol eða til notkunar þar.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Kríms eða Sevastopol eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
 - b) til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á Krím eða í Sevastopol eða
 - c) vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla sem eflir, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á Krím eða í Sevastopol og fær opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í V. viðauka.“
- 3) Ákvæðum 2. gr. b er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
 „1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vörur og tækni, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, sem eru á skrá í II. viðauka:
 - a) til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Krím eða í Sevastopol eða
 - b) til notkunar á Krím eða í Sevastopol.
 1a. Ákvæði II. viðauka skal taka til tiltekinna vara og tækni sem ætluð er til notkunar í eftirfarandi lykilgeirum:
 - i. flutningageiranum,
 - ii. fjarskiptageiranum,
 - iii. orkugeiranum,
 - iv. geira leitar, rannsóknar og vinnslu á olíu, gasi og jarðefnaauðlindum.“
 - b) Ákvæði 3. og 4. mgr. falla brott.
- 4) Í stað 2. gr. c kemur eftirfarandi:
- „2. gr. c*
1. Lagt er bann við því að veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím og í Sevastopol, beint eða óbeint, þjónustu varðandi reikningsskil, endurskoðun, þ.m.t. lögboðin endurskoðun, bókhald eða skattaráðgjöf, eða rekstrar- og viðskiptaráðgjöf eða almannatengslaþjónustu.
2. Lagt er bann við því að veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím eða í Sevastopol, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni.
- 2a. Lagt er bann við því að veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím eða Sevastopol, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsóknar og skoðanakannana, tækniþrófana og greiningarþjónustu og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi.
- 2b. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím og í Sevastopol, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar, sem eru á skrá í III. viðauka.
3. Lagt er bann við því að:
- a) veita, beint eða óbeint, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist með beinum hætti grunnvirkjum á Krím og í Sevastopol í geirum sem um getur í 1. mgr. a í 2. mgr. b, óháð uppruna varanna og tækninnar,
 - b) veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím eða í Sevastopol, beint eða óbeint, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu sem tengist því að útvega vörur og veita þá þjónustu sem um getur í 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b,
 - c) veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á Krím eða í Sevastopol, beint eða óbeint, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist því að útvega vörur og veita þá þjónustu sem um getur í 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b eða veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu,
 - d) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 2. mgr. b, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol eða til notkunar þar.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.
5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, auk viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁷⁾.
6. Ákvæði 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
7. Þrátt fyrir 2. mgr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í henni, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir framlag úkraínskra ríkisborgara til alþjóðlegra verkefna um opin aðgang.
8. Þrátt fyrir 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a, 2. mgr. b og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í þeim, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt:
- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
 - b) vegna starfsemi borgaralegs samfélags sem eflir, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á Krím eða í Sevastopol,
 - c) vegna starfsemi alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru á Krím eða í Sevastopol,
 - d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti,
 - e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar og hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
 - f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis- afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
 - g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Úkraínu og Sambandsins, og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.
9. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 7. og 8. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 5) Ákvæði 4. mgr. 2. gr. d falla brott.
- 6) Í stað a-liðar 1. mgr. 2 gr. e kemur eftirfarandi:
- „a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á Krím eða í Sevastopol,“.
- 7) Ákvæði 3. gr. fellur brott.
- 8) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna vísitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

- 9) Í stað 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta

og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur, samkvæmt ákvörðun gerðardóms, dóms eða stjórnarsýslustofnunar, brotið gegn þeim bönnum sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun ef krafan tengist vörum sem bannað er að flytja inn skv. 2. gr.,
- d) aðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol,
- e) rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- f) aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- til e-lið þessarar málsgreinar.“

10) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„6. gr. a

Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 10. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir yfirráðum aðila sem um getur í d-lið 10. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a- til f-liðar 1. mgr. 6. gr., leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirknan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- til f-lið 1. mgr. 6. gr., sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.

6. gr. b

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 6. gr. a, að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

11) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við þessa reglugerð, einkum upplýsingar er varða:

- a) heimildir sem veittar eru eða synjað er um samkvæmt þessari reglugerð,
- b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd, viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt er viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka, þ.m.t. til að tryggja skilvirkni ráðstafana sem settar eru fram í þessari reglugerð.

4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra ráðstafana, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum ráðstöfunum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal einnig gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

12) Eftirfarandi grein er bætt við:

„7. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, eftir því sem þurfa þykir, til að hún geti sinnt verkefnum sínum eins og henni er ætlað með þessari reglugerð, í tengslum við framlag hennar til réttar framkvæmdar, framfylgdar og til að koma í veg fyrir að ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, verði sniðgengnar.

1a. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. sérstaka flokka persónuupplýsinga og persónuupplýsingar sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725⁽⁸⁾, til þess að bera kennsl á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í því skyni að aðstoða aðilana sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar við að fara að þessari reglugerð.

2. Að því er þessa reglugerð varðar er framkvæmdastjórnin tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, í tengslum við þá vinnslu sem nauðsynleg er til að vinna þau verkefni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfírvöld, töllyfírvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁹⁾, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽¹⁰⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB⁽¹¹⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽¹²⁾, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/849 og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna upplýsingar og skiptast án tafar á þeim, þ.m.t. persónuupplýsingum, við önnur lögbær stjórnvöld síns aðildarríkis, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfírvalda.

4. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679⁽¹³⁾ og reglugerð (ESB) 2018/1725 og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar og til að tryggja skilvirka samvinnu milli aðildarríkja sem og við framkvæmdastjórnina við beitingu þessarar reglugerðar.“

13) Í stað 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög, eftir því sem við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og geta tekið tillit til valfrjálssrar sjálfstilkynningar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem mildandi þáttar, í samræmi við viðeigandi landslög. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.“

14) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. a

Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu gera sitt ýtrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.“

15) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

16) Ákvæðum IV. viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

17) Ákvæðum V. viðauka er bætt við í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/397, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/397/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 692/2014 frá 23. júní 2014 að því er varðar þvingunaraðgerðir vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol (Stjtið. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 9, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/692/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol (OJ L 183, 24.6.2014, bls. 70, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/386/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins (þriðja deild) frá 21. desember 2011, *refsimál á hendur Mohsen Afrasiabi og öðrum*, C-72/11, ECLI:EU:C:2011:874, 67. mgr.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerminga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj>).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/401/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 7.39.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/394****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtogaráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi staðfasta skuldbindingu Sambandsins til að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómatískan stuðning.
- 4) Svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur sett á gilda áfram og grípa til viðbótarráðstafana ef nauðsyn krefur.
- 5) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 6) Einkum þykir viðeigandi að framlengja tímabundna sviptingu á útsendingarleyfum rússneskra fjölmiðla í Sambandinu, sem eru undir varanlegri stjórn forystu Rússneska sambandsríkisins, og bann við útsendingu á efni þeirra.
- 7) Rússland hefur stundað kerfisbundna, alþjóðlega herferð sem felur í sér misnotkun fjölmiðla og afbökun staðreynda í því skyni að efla stefnuáætlun sína um að grafa undan stöðugleika í aðliggjandi löndum og í Sambandinu og aðildarríkjum þess. Einkum hefur áróðurinn endurtekið og með samræmdum hætti beinst að evrópskum stjórnsmálaflokkum, sérstaklega í aðdraganda kosninga, ásamt borgaralegu samfélagi, minnihlutasamfélögum, flóttamönnum og virkni lýðræðisstofnana í Sambandinu og aðildarríkjum þess.
- 8) Til að réttlæta og styðja við árásarstríð sitt gegn Úkraínu hefur Rússland stundað samfelldar og samstilltar áróðursaðgerðir sem beint er að borgaralegu samfélagi í Sambandinu og aðliggjandi löndum, með alvarlegri afbökun og misnotkun á staðreyndum.
- 9) Þessum áróðursaðgerðum Rússlands hefur verið beint í gegnum fjölda fjölmiðla undir varanlegri beinni eða óbeinni stjórn forystu Rússneska sambandsríkisins. Slíkar aðgerðir fela í sér umtalsverða og beina ógn við allsherjarreglu og öryggi Sambandsins. Þessir fjölmiðlar eru nauðsynlegir og virkir í því að stuðla að og styðja við árásir gegn Úkraínu og að grafa undan stöðugleika aðliggjandi landa.
- 10) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og til að bregðast við aðgerðum Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu er nauðsynlegt, í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennt er í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis eins og hann er viðurkenndur í 11. gr. sáttmálans, að innleiða frekari þvingunaraðgerðir til að stöðva tímabundið útvarpsrekstur tiltekinna fjölmiðla í Sambandinu eða sem beint er að Sambandinu. Þessum ráðstöfunum ætti að viðhalda þar til árásarstríðið gegn Úkraínu er stöðvað og þar til Rússland og viðkomandi fjölmiðlar hætta að stunda áróðursaðgerðir gegn Sambandinu og aðildarríkjum þess.
- 11) Í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis, frelsis til atvinnurekstrar og eignarréttinn eins og hann er viðurkenndur í 11., 16. og 17. gr. sáttmálans, eftir því sem við á, kemur innleiðing frekari þvingunaraðgerða ekki í veg fyrir að þessir fjölmiðlar og starfsfólk þeirra stundi aðra starfsemi í Sambandinu en útvarpsrekstur, eins og rannsóknir og viðtöl. Einkum breyta þessar þvingunaraðgerðir ekki þeirri skyldu að virða þau réttindi, frelsi og meginreglur sem um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þ.m.t. í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og stjórnarskrám aðildarríkjanna, á gildissviðum hvers þeirra um sig.
- 12) Nauðsynlegt er að styrkja bann við útflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála í Rússlandi, gagnvart rekstrar-

einingum á skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

- 13) Rétt þykir að bæta 53 nýjum rekstrareiningum við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrar-einingar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Enn fremur þykir réttlæt看legt að færa á skrána tiltekna rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla með óbeinum hætti að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands með því að sniðganga útflutningstakmarkanir, þ.m.t. á ómönnuðum loftförum eða flugskeytum.
- 14) Rétt þykir að auka við skrána yfir hluti sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. kemisk forefni fyrir óeirðastjórnunarefni, hugbúnaður í tengslum við tölvustýringarvélar, krómsambönd og stjórnbúnaður til að leiðbeina ómönnuðum loftförum.
- 15) Rétt þykir að leggja frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. kemisk efni og sumar tegundir plasts og gúmmis. Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir viðeigandi að auka enn frekar við skrána yfir vörur og tækni, sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Rússlands.
- 16) Auk þess þykir rétt að innleiða frekari innflutningshöft á hráali sem aflar umtalsverðra tekna fyrir Rússland og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríðinu gegn Úkraínu. Framkvæmdastjórnin ætti að vakta það álverð sem skiptir máli fyrir framleiðendur og neytendur í Sambandinu sem tengist innflutningshöftunum og ætti að tilkynna ráðinu um það ef einhver meiriháttar hækkun verður varðandi álverð sem skiptir máli fyrir framleiðendur og neytendur í Sambandinu sem tengist innflutningshöftum á hráali eins og mælt er fyrir um í 4. gr. k í ákvörðun 512/2014/SSUÖ og, eftir því sem við á, leggja til mótvægisráðstafanir.
- 17) Viðeigandi þykir að breyta undanþágu frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og sem nauðsynlegir eru vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest. Einnig þykir rétt að innleiða nýja markvissa undanþágu frá banninu við innflutningi á tilteknum hlutum sem eru beinlínis nauðsynlegir vegna reksturs Druzhba-leiðslunnar.
- 18) Til að tryggja skilvirka framkvæmd þvingunaraðgerða þykir rétt að gera grein fyrir því að þegar viðeigandi ákvæði ákvörðunar 2014/512/SSUÖ og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 veita lögbærum stjórnvöldum heimild til að leyfa sölu og útflutning, og tengda tækniaðstoð, á upplýsingaöryggiskerfum, búnaði og íhlutum til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækniaðstoð séu ætlaðar fyrir rafrænt borgaralegt fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að og að því tilskildu að netið sé ekki eign rekstrareiningar sem lýtur opinberri stjórn eða er yfir 50% í eigu hins opinbera, er heimilt að veita slík leyfi einkum til að þeirra sem veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 19) Rétt þykir að takmarka sérstaklega beitingu undanþágu frá flugbanni hvað varðar mönnuð loftför með því að innleiða kröfu um heimild frá lögbærum stjórnvöldum vegna lendingar, flugtaks og yfirflugs í þágu tiltekinna aðgerða með drónum yfir yfirráðasvæði Sambandsins. Til að auka kostnað Rússlands vegna áframhaldandi árásarstríðs þess gegn Úkraínu og tryggja skilvirkni þvingunaraðgerða Sambandsins, sem beinast gegn fluggeiranum með því að takast á við hættuna á röskun þeirra þykir viðeigandi að víkka út flugbannið þannig að það nái til skráðra flugrekenda sem starfrækja innanlandsflug í Rússlandi eða selja, afhenda, flytja eða flytja út, beint eða óbeint, loftför eða aðrar flugtengdar vörur og tækni til rússnesks flugrekenda eða vegna flugs innan Rússlands, sem og til rekstrareininga sem eru í eigu eða undir stjórn slíks flugrekenda.
- 20) Réttlæt看legt þykir að setja frekari takmarkanir á útflutning vara og tækni, einkum hugbúnaðar sem tengist olíu- og gasleit, í því skyni að takmarka enn frekar getu Rússlands til leitar og framleiðslu á olíu og gasi.
- 21) Nauðsynlegt þykir að kveða á um undanþágu vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings frá Slóvakíu til Ungverjalands eða frá Ungverjalandi til Slóvakíu á tilteknum jarðolíuafurðum sem eru fengnar úr hráolíu sem flutt er inn með leiðslum, til að tryggja afhendingaröryggi til þessara landlukt lands.
- 22) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu og flutningi olíu. Viðeigandi þykir að setja bann við því að leggja tímabundið til geymslu fyrir rússneska hráolíu og jarðolíuafurðir innan Sambandsins, án tillits til innkaupsverðs olíunnar og lokaákvörðunarstaðar þeirra afurða. Slíkt bann mun hafa í för með sér viðbótarkostnað vegna flutnings á rússneskri olíu og draga þannig úr tekjum Rússlands. Þetta bann hefur ekki áhrif á

gildissvið annarra innflutningsbanna samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.

- 23) Bann við umhleðsluþjónustu vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi ætti hvorki að hafa áhrif á innflutning til Sambandsins né afhendingaröryggi aðildarríkjanna. Af þeirri ástæðu þykir rétt að gera grein fyrir því að umhleðsluþjónusta vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi er leyfð ef nauðsyn krefur vegna flutnings milli hafna í sama aðildarríki, þ.m.t. frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.
- 24) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir nauðsynlegt að gera breytingu á banninu við vöruflutningum rekstraraðila, sem eru 25% eða meira í eigu rússneskra einstaklinga eða lögaðila, á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi. Banna ætti rekstrareiningum, sem fengið hafa staðfestu innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og starfa þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka hundraðshluta í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.
- 25) Lagt er bann við því að láta í té vörur, tækni og þjónustu til að ljúka rússneskum verkefnum er varða fljótandi jarðgas. Rétt þykir að víkka bannið út þannig að það nái til verkloka hráolíuverkefna í Rússlandi, s.s. Vostok-olíuverkefnisins. Það ætti ekki að hafa áhrif á kaup og innflutning á rússneskri hráolíu í samræmi við tímabundnar undanþágur fyrir tiltekin landlukt aðildarríki.
- 26) Rétt þykir að leggja bann við innflutningi á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu. Rétt þykir að innleiða undanþágu frá banninu sem aðildarríki, sem er ekki tengt samtengda jarðgaskerfinu þegar fljótandi jarðgas er keypt, flutt inn eða flutt frá birgðastöð í öðru aðildarríki sem er tengd samtengda jarðgaskerfinu, getur veitt til að tryggja orkuafhendingu til sín.
- 27) Rétt þykir að krefjast þess að innflutningi óslipaðra demanta fylgi vottorð samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002⁽³⁾ þar sem upprunaland eða upprunaland námunnar koma skýrt fram. Rétt þykir að fresta gildistökuðegi kröfunnar um að leggja fram gögn, byggð á rekjanleika, vegna innflutnings á slípuðum demöntum. Enn fremur mun úrlausn stjórnunarlegra álitamála í tengslum við rekjanleikakerfið krefjast áframhaldandi samstarfs við G7-hópinn og þriðju lönd. Í því skyni að liðka enn frekar fyrir framkvæmd þessara aðgerða og viðhaldi skuldbindinga við G7-hópinn og þriðju lönd ætti að fylgjast áfram með því að samkeppnisskilyrði innan G7-hópsins haldist jöfn með tilliti til ráðstafana í tengslum við demanta.
- 28) Til að koma í veg fyrir að rekstraraðilar í Sambandinu leggi til þróunar á grunnvirkjum Rússlands þykir nauðsynlegt að innleiða bann við veitingu þjónustu á sviði byggingastarfsemi, þ.m.t. mannvirkjagerðar.
- 29) Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum með staðfestu í Rússlandi, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækja-stjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar. Viðeigandi þykir að gera grein fyrir að bann er lagt við sölu, leyfisveitingum eða annars konar framsal á hugverkaréttindum eða viðskipta-leyndarmálum sem tengjast þeim hugbúnaði.
- 30) Rétt þykir að innleiða undanþága frá banninu við því að veita þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, arkitektaþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni þegar sú þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofa Rússlands sem staðsett er í aðildarríki.
- 31) Að auki þykir réttlæt看legt að leggja lagt bann við hvers konar viðskiptum við hafnir og skipastiga og flugvelli í Rússlandi sem eru notuð til að flytja ómönnuð loftför eða flugskeyti eða tengda tækni eða ihluti þeirra til Rússlands eða til að sniðganga verðþak fyrir olíu með því að skip stundi óreglulega og áhættusama sjóflutninga eða aðrar þvingunaraðgerðir. Þetta tekur til aðgengis að aðstöðu skráðra hafna og skipastiga og flugvalla og hvers konar veitingar þjónustu fyrir skip eða loftför. Kveðið er á um viðeigandi undanþágur til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á lögmæta verslun eða samskipti milli fólks. Enn fremur takmarkast bannið við slíkum viðskiptum við innviði í Rússlandi.
- 32) Rétt þykir að setja takmarkanir á lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð og sem, með slíkri notkun, i. efla fjárhagslegan viðnámsþrótt Rússlands og ii. styðja við sniðgöngu þeirra banna sem sett eru fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ⁽⁴⁾, reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁵⁾. Að auki þykir viðeigandi að innleiða undanþágu sem heimilar framkvæmd viðskipta við tiltekna rekstrareiningu sem er að finna í XVIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ sem eru nauðsynleg vegna endurgreiðslu ábyrgða sem aðildarríki veitir, fjárlosunar í Rússlandi eða slita á atvinnu-starfsemi í Rússlandi eða framkvæmdar tiltekinna samninga.

- 33) Rétt þykir að víkka enn frekar út viðskiptabannið á lánastofnanir, fjármálastofnanir og rekstrareiningar, sem veita þjónustu á sviði sýndareigna (e. crypto assets) sem styður við viðskipti í tengslum við skip á skrá og raska þannig banninu sem sett er fram í 4. gr. x í ákvörðun 2014/512/SSUÖ sem miðar að því að takmarka getu Rússlands til að heyja stríð gegn Úkraínu. Auk þess þykir rétt að leggja takmarkanir á lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem eru á skrá í XIX. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, með staðfestu utan Sambandsins sem eru lána- eða fjármálastofnanir eða rekstrareiningar sem veita þjónustu með sýndareignir og taka þátt í viðskiptum sem auðvelda, beint eða óbeint, sniðgöngu bannsins sem sett er fram í 4. gr. p í ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 34) Viðeigandi þykir að víkka út þvingunaraðgerðirnar, að því er varðar veitingu sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála, þannig að þær nái til tiltekinnna rússneskra lánastofnana eða rekstrareininga sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lánastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið, og eru annaðhvort stórir og mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess.
- 35) Rétt þykir að innleiða undanþágu vegna viðtöku innlána sem annars eru takmörkuð vegna starfsemi sem nauðsynleg er vegna endurskipulagningar eða skiptameðferðar lögaðila sem tengist rekstrareiningu á skrá í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 36) Til að auðvelda starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla þykir rétt að innleiða undanþágu frá banni við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi til Rússlands á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, þegar slíkt er nauðsynlegt til notkunar í borgaralegu samfélagi og fjölmiðlastarfsemi sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Rússlandi við tiltekna aðstæður.
- 37) Til að berjast gegn endurútflutningi á tilteknum vörum er þess krafist að rekstraraðilar Sambandsins, sem selja, afhenda, flytja eða flytja út slíkar vörur til þriðju landa, annarra en samstarfslandanna sem skráð eru í VII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, komi til framkvæmda fyrirkomulagi áreiðanleikakannana sem geta greint og metið áhættu af slíkum endurútflutningi til Rússlands og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirráð yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 38) Loks er nauðsynlegt að gera tiltekna breytingar á undanþágum og frávikum frá banni við útflutningi á vörum með tvíþætt notagildi og háþróaðri tækni, og skipta út undanþágum frá tilteknum bönnum fyrir frávik. Þar að auki eru tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru runnin út og aðrar tilvísanir sem ekki eru nauðsynlegar til að fara að tilteknum ákvæðum felldar brott. Ekki er ætlunin að brottfelling tilvísana til umbreytingartímabila sem þegar eru útrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila.
- 39) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 40) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 1. gr. ac kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 7. gr. þessarar ákvörðunar, sem hefur lagt fram kröfu fyrir rússneskum dómstóli gegn einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014, í því skyni að fá lögbann, úrskurð, dóm eða annan dómsúrskurð á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa, beint eða óbeint, að hluta til eða að öllu leyti, orðið fyrir áhrifum af þeim aðgerðum sem gripið er til samkvæmt þessari ákvörðun 2014/145/SSUÖ eða samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 eða (ESB) nr. 269/2014 sem eru á skrá í XVII. viðauka við þessa ákvörðun.“

- 2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr. ad:

„7. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta með færslu-númerinu 1 í XVIII. viðauka samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt vegna:

- a) endurgreiðslu útflutningslána sem hafa ábyrgðir,
- b) viðskipta sem eru algerlega nauðsynleg vegna fjárlosunar í Rússlandi eða slita á atvinnustarfsemi í Rússlandi fyrir 26. ágúst 2025, sem féllu undir ábyrgðir aðildarríkis á útflutningslánnum eða
- c) efnda samninga, sem gerðir eru fyrir 25. febrúar 2025, til 26. ágúst 2025 eða þar til gildistími þeirra rennur út, eftir því hvorn daginn ber upp á undan fyrir rétthafa sem eru staðsettir í Evrópu-sambandinu.“

3) Í stað 1. gr. ae kemur eftirfarandi:

„1. gr. ae

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem veitir þjónustu með sýndareignir sem:

- a) taka þátt í viðskiptum sem auðvelda, beint eða óbeint, útflutning, sölu, afhendingu, tilflutning eða flutning til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, vörum eða tækni, sem eru á skrá í VII., XI., XX. og XXXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, almennum vörum með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, og skotvopnum og skot-færum sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eins og skráð er í A-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun,
- b) taka þátt í að raska banninu sem sett er fram í 4. gr. x með viðskiptum í tengslum við skip sem eru skráð í XVI. viðauka, eins og skráð er í B-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun eða
- c) sniðganga bannið sem sett er fram í 4. gr. p, eins og skráð er í C-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa og flytja til Rússlands samkvæmt þessari ákvörðun og reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar eða ákvörðunar 2014/145/SSUÖ eða reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur.“

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„1. gr. af

1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skipastiga sem eru á skrá í A-hluta XXI. viðauka. Undir A-hluta XXI. viðauka falla hafnir og skipastigar í Rússlandi sem eru notuð:

- a) vegna tilflutnings ómannaðra loftfara eða flugskeyta, tengdrar tækni eða íhluta þeirra til stuðnings árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu,
- b) til að flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá Rússlandi eða til Rússlands, til notkunar þar í landi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
- c) til að flytja á sjó hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XIII. viðauka, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út þaðan, með skipum sem stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),
- d) til að flytja vörur sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og eru á skrá í XI., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá

Rússlandi og inn til Sambandsins og eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,

- e) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar ákvörðunar eða ákvarðana 2014/145/SSUÖ, 2014/386/SSUÖ eða (SSUÖ) 2022/266, eða reglugerða (ESB) nr. 833/2014, (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263.

2. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við flugvelli sem eru á skrá í B-hluta XXI. viðauka. Undir B-hluta XXI. viðauka falla flugvellar í Rússlandi sem eru notaðir:

- a) vegna tilflutnings ómannaðra loftfara eða flugskeyta, tengdrar tækni eða íhluta þeirra til stuðnings árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu,
- b) til að flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá Rússlandi eða til Rússlands, til notkunar þar í landi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
- c) til að flytja vörur sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og eru á skrá í XI., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi og inn til Sambandsins og eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,
- d) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar ákvörðunar eða ákvarðana 2014/145/SSUÖ, 2014/386/SSUÖ eða (SSUÖ) 2022/266, eða reglugerða (ESB) nr. 833/2014, (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

- a) ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó, eða í mannúðarskyni, eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum,
- b) um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngryti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- c) nema það sé bannað skv. 4. gr. o eða 4. gr. p, viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, frá eða í gegnum Rússland,
- d) um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburður sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari ákvörðun,
- e) um viðskipti vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings sjófluttrar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru á skrá í XIII. viðauka þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur,
- f) um viðskipti sem eru nauðsynleg til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðskipti sem eru algerlega nauðsynlega vegna:

- a) notkunar í mannúðarskyni, brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar,
- b) reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu eða til stuðnings við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna,
- c) nauðlendingar, flugtaks eða yfirflugs,
- d) opinberra ferða sendiráðsmanna eða starfsmanna ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- e) ferða einstaklinga af persónulegum ástæðum til eða frá Rússlandi eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,

- f) kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari ákvörðun.
5. Rekstraraðilar skulu upplýsa lögbært stjórnvald aðildarríkisins, þar sem þeir eru skráðir eða þar sem þeir eru stofnaðir samkvæmt lögum, um öll viðskipti sem fara fram skv. 3. eða 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að gengið er frá þeim. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.“
- 5) Eftirfarandi liður bætist við 5. mgr. 1. gr. b):
- „g) nauðsynleg vegna endurskipulagningar eða skiptameðferðar lögaðila sem tengist rekstrareiningu sem skráð er undir færslunúmeri 82 undir fyrirsögninni „B. Rekstrareiningar“ í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.“
- 6) Eftirfarandi liður bætist við 2. mgr. 1. gr. f):
- „c) fyrir starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Rússlandi sem fær opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjunum eða samstarfslöndum á skrá í VII. viðauka.“
- 7) Í stað c-liðar 1. mgr. 1. gr. h kemur eftirfarandi:
- „c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar,“.
- 8) Í stað inngangsorða í 1. mgr. 1. gr. i kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því að veita beinan eða óbeinan stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annan ávinning samkvæmt áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða landsáætlun aðildarríkis og samningum í skilningi reglugerðar (ESB, KBE) 2024/2509⁽⁶⁾ til:“
- 9) Ákvæðum 1. gr. k er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarframkvæmda, arkitektapjónustu og verkfræðipjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni til handa:
- a) ríkisstjórn Rússlands eða
- b) lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi.“
- b) Eftirfarandi liður bætist við 3. mgr. a):
- „c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 2. mgr. b og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu ríkisstjórnar Rússlands eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi.“
- c) Ákvæði 4. mgr. b og 7. mgr. falla brott.
- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „9c. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofa Rússneska sambandsríkisins sem staðsett er í aðildarríki.“
- e) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:
- „11. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 9. mgr. a, 9. mgr. b, 9. mgr. c og 10. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 10) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „3. Með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

Útflýttjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útflýttjandinn er heimilisfastur eða er með staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Rússlandi.

3a. Með fyrirvara um kröfur vegna heimilda í reglugerð (ESB) 2021/821 gildir bannið í 1. mgr. a í þessari grein ekki um umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi sem nota á í þeim tilgangi sem fram kemur í 3. mgr. þessarar greinar.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b. Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflýttjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

- c) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlaða,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Rússlandi, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum þeirra stjórnvalda,
- i) til uppfærslu á hugbúnaði,
- j) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða
- k) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur vegna heimilda samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c-, d-, h- og k-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

- d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 3. gr. b,

- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir flug- eða geimiðnað eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur, eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð, sé heimill samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 4. gr.“

11) Ákvæðum 3. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á þeim vörum og tækni, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útflytjandinn er heimilisfastur eða er með staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Rússlandi.

3a. Bannið í 1. mgr. a gildir ekki um umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem ætlaðar eru til þeirra nota sem um getur í 3. mgr.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b. Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

c) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni, sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Rússlandi, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum þeirra stjórnvalda,
- i) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla framfærsluskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Rússneska sambandsríkisins,
- j) til uppfærslu á hugbúnaði,

k) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða

l) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða að þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í b-, c-, d-, h- og l-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 3. gr. b,
- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir flug- eða geimiðnað eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur, eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð, sé heimill samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 4. gr.“

12) Ákvæðum 3. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„1a. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka,
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka.

1b. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a í þessari grein og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna einungis heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og þeirra vara og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:

- a) að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
- b) að samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 26. febrúar 2022, eða fylgisamningum sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíks samnings, eigi að afhenda slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að farið sé fram á heimildina fyrir 1. maí 2022.“

13) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á hugbúnaði sem er á skrá í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni þess, eða til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni þess.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a, vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða vegna veitingar tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Bönnin í 1. mgr. a gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum hugbúnaðar sem er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, fram til 26. maí 2025, samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“

d) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

e) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorða í 6. mgr.:

„6. Þrátt fyrir 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:“.

14) Ákvæðum 4. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað námugróft og grjótnám þar sem framleiðsla einhverra þeirra efna sem eru á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 skilar mestum verðmætum eða er meginmarkmiðið.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr., 3. mgr. a og 3. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

c) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

15) Ákvæðum 4. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. fellur b-liður brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að látin sé í té opinber fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrur á verkefni.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. a og 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

16) Ákvæðum 4. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að loftför, sem flugrekendur í Rússlandi starfrækja, þ.m.t. loftför í markaðssamstarfi um sameiginleg flugnúmer eða föst sæta kaup, eða loftför sem skráð eru í Rússlandi eða loftför sem ekki eru skráð í Rússlandi, sem eru í eigu eða leigu eða á annan hátt undir yfirráðum rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, lendi á, hefji sig til flugs frá eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins. Bannið í þessari málsgrein gildir einnig um öll önnur loftför sem notuð eru í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti hvar eða hvenær flugtak eða landing fer fram. Með fyrirvara um þær reglur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012⁽⁷⁾ að því er varðar framlagningu flugáætlunar vegna flugs yfir landamæri gildir bannið í þessari málsgrein ekki um mönnuð loftför sem rúma að hámarki fjóra einstaklinga í sætum og með hámarksflugtaksmassa sem er ekki meiri en 2 000 kg þegar þau eru notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, ekki á vegum fyrirtækis, innan yfirráðasvæðis og loftrýmis Sambandsins í tómsundaskyni eða til þjálfunar með tilliti til einkaflugmannsréttinda og skyldra réttinda hjá þjálfunaraðilum í Sambandinu.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1b. Lagt er bann við því að flugrekendur, sem starfrækja innanlandsflug í Rússlandi eða selja, afhenda, flytja eða flytja út, beint eða óbeint, loftför eða einhverjar þær vörur eða tækni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. d til rússnesks flugrekanda eða vegna flugs í Rússlandi, sem er á skrá í XX. viðauka, svo og rekstrareiningar, sem er í eigu eða undir yfirráðum slíks flugrekanda, lendi á, hefji sig til flugs frá eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. og 1. mgr. b gilda ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.“

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað loftfari að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins ef þau lögbæru stjórnvöld hafa ákveðið að slíkt sé nauðsynlegt vegna mannúðarsjónarmiða eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessarar ákvörðunar og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað notkun ómannaðra loftfara, sem starfrækt eru í „opna“ flokknum, eins og skilgreint er í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947⁽⁸⁾ og notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, ekki á vegum fyrirtækis, innan yfirráðasvæðis Sambandsins og loftrýmis í tómsundaskyni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til þess að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins.“

f) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. og 3. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

17) Ákvæðum 4. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„3cg. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um innflutning, kaup eða flutning eða tengda tæknaðstöð eða fjárhagsaðstöð sem telst nauðsynlegt vegna innflutnings inn í Sambandið á 275 000 tonnum af slíkum vörum á tímabilinu frá 25. febrúar 2025 og 26. febrúar 2026.

3ch. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. ekki gilda um framkvæmd samninga, sem gerðir eru fyrir 25. febrúar 2025, frá 26. febrúar 2026 til 31. desember 2026 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga, um heildarmagn innflutnings á slíkum vörum til Sambandsins á tímabilinu sem fer ekki yfir 50 000 tonn.“

b) Ákvæði 3. mgr. cb, 3. mgr. cf og 3. mgr. da eru felld brott.

c) Í stað 3. mgr. e kemur eftirfarandi:

„3e. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 7007, 7019, 8415, 8479, 8481, 8483, 8487, 8504, 8517, 8518, 8525, 8531, 8536, 8537, 8538, 8539, 8542, 8543 og 8603, sem eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest sem voru afhentir 2018, til uppfyllingar á ábyrgð sem nær yfir endingartíma sem Metrowagonmash lagði fram fyrir 24. júní 2023.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3f. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning vara, sem falla undir SN-númer 9026, 9027 og 9031, sem eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þ.m.t. veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar vegna þessara innflutna vara í þágu viðhalds, viðgerða eða reglubundinnar vottunar á fyrsta og annars stigs mælistöðum fyrir hráolíu á Druzhba-leiðslunni, til Sambandsins og eftir að hafa ákvarðað að vörurnar séu algerlega nauðsynlegar til að veita þjónustu til að tryggja órofna afhendingu á hráolíu eftir Druzhba-leiðslunni frá Rússlandi, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 4. gr. o, og að þær verði fluttar út skv. 4. mgr. f í 4. gr. m yfir tímabil sem er algerlega nauðsynlegt vegna viðhalds, viðgerða eða reglubundinnar vottunar á Druzhba-línunni.“

e) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stýra magni innflutningskvóta, sem sett er fram í 3. mgr. cc, 3. mgr. cd, 3. mgr. cg, 3. mgr. ch og 4. mgr. þessarar greinar, í samræmi við stjórnunarkerfið fyrir tollkvóta sem kveðið er á um í 49.–54. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2447.“

18) Ákvæðum 4. gr. m er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. ab, 3. mgr. ac, 3. mgr. ad, 3. mgr. ae og 3. mgr. af falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3ag. Að því er varðar tiltekin iðefni, plast og gúmmí gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 26. maí 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“

c) Eftirfarandi liður bætist við 4. mgr. a:

„d) vörum sem falla undir SN-númer 7007 19 80.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4f. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning vara sem falla undir SN-númer 9026, 9027 og 9031, sem eru á skrá í XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem áður hefur verið heimilt að flytja inn skv. 3. mgr. f í 4. gr. k.

4g. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8517.62 og 8523.52, sem eru á skrá í XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, að því tilskildu að þær séu ætlaðar fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki í eigu rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera.“

e) Í stað 5. mgr. aa kemur eftirfarandi:

„5aa. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 2920 90, 3917 10 og 3920 62 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu í þágu matvælaframleiðslu til mannelis í Rússlandi.“

f) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr., 5. mgr. a, 5. mgr. b, 5. mgr. c og 5. mgr. g innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

19) Í stað 1. mgr. b í 4. gr. n kemur eftirfarandi:

„1b Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutninga-fyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi.

Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu fyrir 8. apríl 2022 og sem starfar þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði

Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndi auka hundraðshluta í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.“

- 20) Eftirfarandi undirgrein bætist við 8. mgr. 4. gr. o:

„Frá og með 25. febrúar 2025 geta lögbær stjórnvöld í Slóvakíu og Ungverjalandi, þrátt fyrir bönnin sem um getur í þriðju undirgrein, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning frá Slóvakíu til Ungverjalandis eða frá Ungverjalandi til Slóvakíu á tilteknum jarðolíuafurðum, sem eru á skrá í XXXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru fengnar úr hráolíu sem er flutt inn skv. d-lið 3. mgr. þessarar greinar, eftir að hafa ákvarðað að afurðirnar séu eingöngu ætlaðar til nota í þessum tveimur aðildarríkjum.“

- 21) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. þb

1. Tímabundin geymsla, eins og hún er skilgreind í 17. lið 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁹⁾, og bann við því að geyma hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun, á yfirráðasvæði Sambandsins samkvæmt málsmeðferðinni fyrir frísvæði skv. 3. mgr. 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, ef þær eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússland.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki fyrr en 26. maí 2025 um vörur sem eru þegar í Sambandinu 25. febrúar 2025.

3. Bannið í 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki um aðildarríki sem njóta góðs af undanþágunum í d-lið 3. mgr. 4. gr. o og 4. mgr. 4. gr. o.

4. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sjóflutta hráolíu og jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XIII. viðauka, þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.“

- 22) Ákvæðum 4. gr. u er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu vörur, sem falla undir SN-númer 7102 31 00 og 7102 10 00 og fluttar eru inn í Sambandið, tafarlaust lagðar fram til sannprófunar, ásamt vottorði samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002⁽¹⁰⁾ þar sem upprunalegt námuland eða -lönd koma skýrt fram, hjá stjórnvaldi sem er tilgreint í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Aðildarríkið þar sem þessar vörur voru fluttar inn á tollsvæði Sambandsins skal tryggja að þær séu lagðar fram hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Heimilt er að veita leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning í þessu skyni. Ef veitt er leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning skal fresta sannprófuninni, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, uns stjórnvaldið sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 hefur tekið við vörunum. Innflytjandinn skal vera ábyrgur fyrir réttum flutningi varanna og bera kostnað af honum. Framlagning til þess stjórnsvalds er ekki nauðsynleg að því tilskildu að vörurnar hafi áður farið í gegnum sannprófunarferlið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, og að því tilskildu að það sé sannað með gögnum, byggðum á rekjanleika, þ.m.t. samsvarandi vottorði sem vottar að demantarnir séu ekki unnir, meðhöndlaðir eða framleiddir í Rússlandi, eins og kveðið er á um í 10. mgr.“

- b) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland demantanna eða varanna sem innihalda demanta sem eru notuð sem ílag við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi.

Frá og með 1. mars 2025 skal sönnun byggð á rekjanleika fyrir vörur á skrá í A-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem falla undir SN-númer 7102 10 00 og 7102 31 00, innihalda samsvarandi vottorð um að námugróftur, vinnsla eða framleiðsla demantanna hafi ekki farið fram í Rússlandi. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7102 39 00, eins og tilgreint er í A-hluta í viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, gildir skyldubundin notkun sönnunargagna sem byggjast á rekjanleika, þ.m.t. vottorð um að demantar séu ekki sóttir í námu, unnir eða framleiddir í Rússlandi, frá og með 1. janúar 2026.“

- 23) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. w:

„9a. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um umhleðsluþjónustu vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi ef slík umhleðsla

er nauðsynleg vegna flutnings þess milli hafna í sama aðildarríki, þ.m.t. frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.

24) Í stað 3. mgr. 4. gr. x kemur eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip, sem er á skrá í XVI. viðauka, sem þarfnast aðstoðar þegar leitað er skipaafdreps, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgunar mannlífa á hafi úti eða í mannúðarskyni eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða viðurkenna eða fullnusta dóm eða úrskurð gerðardóms sem kveðinn er upp í aðildarríki eða í þeim tilgangi að rannsaka brot á ákvæðum þessarar ákvörðunar eða annað ólöglegt athæfi.“

25) Í stað 4. gr. y kemur eftirfarandi:

„4. gr. y

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni og við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi þjónustu þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas, s.s. birgðastöðvum og framleiðslustöðvum, eða til þess að ljúka verkefnum er varða hráolíu í Rússlandi, s.s. leitar- og vinnsluverkefnum.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu í tengslum við vörum, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas eða verkefnum sem varða hráolíu eins og um getur í 1. mgr.,
- b) veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð í tengslum við vörur, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas eða verkefnum sem varða hráolíu eins og um getur í 1. mgr.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. sem tengjast verkefnum sem varða hráolíu skulu ekki hafa áhrif fyrir en 26. maí 2025 á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki um olíuvinnsluverkefni þar sem reglulegri framleiðslu í viðskiptaskyni var komið á fyrir 25. febrúar 2025.“

26) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. z:

„5. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. getur lögbært stjórnvald aðildarríkis, þar sem birgðastöð fyrir fljótandi jarðgas er ekki tengd samtengda jarðgaskerfinu, heimilað kaup, innflutning eða tilflutning á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi eftir að hafa staðfest að:

- a) viðkomandi fljótandi jarðgas hafi verið keypt, flutt inn eða flutt frá birgðastöð sem er staðsett í öðru aðildarríki og birgðastöðin er tengd samtengda jarðgaskerfinu og
- b) kaupin, innflutningurinn eða tilflutningurinn sé notaður til að tryggja orkuafhendingu.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

27) Í stað 5. gr. bb kemur eftirfarandi:

„5. gr. bb

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, flytja til eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða aðrar viðkvæmar vörur skulu:

- a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
- b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

1a. Ákvæði 1. mgr. gilda frá og með 26. desember 2024 að því er varðar XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar aðrar viðkvæmar vörur.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða flytja til almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða aðrar viðkvæmar vörur einungis innan Sambandsins eða til samstarfslanda sem eru á skrá í VII. viðauka.

3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirráð yfir og selur, afhendir, flytur til eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða aðrar viðkvæmar vörur komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.

3a. Ákvæði 3. mgr. gilda frá og með 26. desember 2024 að því er varðar XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar aðrar viðkvæmar vörur.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.

5. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.“

28) Í stað 7. gr. a kemur eftirfarandi:

„1. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða öðrum dómsúrskurði á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.

2. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri meðferð sakamála stendur, eða viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja refsingu eða öðrum viðurlögum samkvæmt rússneskum hegningarlögum, sem byggist á meintu broti á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða annarri ákvörðun dómstóla á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneskra sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.“

29) Í stað 8. gr. c kemur eftirfarandi:

„8. gr. c

Ráðið skal, einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gera breytingar á I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX., X., XIV., XVI., XVII., XVIII., XIX., XX. og XXI. viðauka.“

30) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

Þessi liður gildir að því er varðar einn eða fleiri af þeim aðilum sem um getur í 3. lið viðaukans við þessa ákvörðun frá og með 9. apríl 2025 og að því tilskildu að ráðið taki, eftir að hafa kannað viðkomandi mál, einróma ákvörðun þar að lútandi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðlegra viðskipta með óslipaða demanta (Stjtið. ESB L 358, 31.12.2002, bls. 28, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/2368/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(oj](http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(oj)).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 2024/2509 frá 23. september 2024 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins Stjtið. ESB L, 2024/2509, 26.9.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2509/oj>).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011

og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/923/oj).

⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/947/oj).“

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðlegra viðskipta með óslípaða demanta (Stjtið. ESB L 358, 31.12.2002, bls. 28, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/2368/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/394/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 8.31.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/395****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/394 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 24. febrúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er tímabundin svipting á útsendingarleyfum rússneskra fjölmiðla í Sambandinu, sem eru undir varanlegri stjórn forystu Rússneska sambandsríkisins, og bann við útsendingu á efni þeirra framlengt.
- 5) Rússland hefur stundað kerfisbundna, alþjóðlega herferð sem felur í sér misnotkun fjölmiðla og afbökun staðreynda í því skyni að efla stefnuáætlun sína um að grafa undan stöðugleika í aðliggjandi löndum og í Sambandinu og aðildarríkjum þess. Einkum hefur áróðurinn endurtekið og með samræmdum hætti beinst að evrópskum stjórnmalaflokkum, sérstaklega í aðdraganda kosninga, ásamt borgaralegu samfélagi, minnihlutasamfélögum, flóttamönnum og virkni lýðræðisstofnana í Sambandinu og aðildarríkjum þess.
- 6) Til að réttlæta og styðja við árás sína gegn Úkraínu hefur Rússland stundað samfelldar og samstilltar áróðursaðgerðir sem beint er að borgaralegu samfélagi í Sambandinu og aðliggjandi löndum, með alvarlegri afbökun og misnotkun á staðreyndum. Þessum áróðursaðgerðum Rússlands hefur verið beint í gegnum fjölda fjölmiðla undir varanlegri beinni eða óbeinni stjórn forystu Rússneska sambandsríkisins. Slíkar aðgerðir fela í sér umtalsverða og beina ógn við allsherjarreglu og öryggi Sambandsins. Þessir fjölmiðlar eru nauðsynlegir og virkir í því að stuðla að og styðja við árásir gegn Úkraínu og að grafa undan stöðugleika aðliggjandi landa.
- 7) Í ljósi þess hversu alvarleg staðan er og til að bregðast við aðgerðum Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu er nauðsynlegt, í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennt er í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis eins og hann er viðurkenndur í 11. gr. sáttmálans, að innleiða frekari þvingunaraðgerðir til að stöðva tímabundið útvarpsrekstur tiltekinn fjölmiðla í Sambandinu eða sem beint er að Sambandinu. Þessum ráðstöfunum ætti að viðhalda þar til árásarstríðið gegn Úkraínu er stöðvað og þar til Rússland og viðkomandi fjölmiðlar hætta að stunda áróðursaðgerðir gegn Sambandinu og aðildarríkjum þess.
- 8) Í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis, frelsis til atvinnurekstrar og eignarréttinn eins og hann er viðurkenndur í 11., 16. og 17. gr. sáttmálans, eftir því sem við á, kemur innleiðing frekari þvingunaraðgerða ekki í veg fyrir að þessir fjölmiðlar og starfsfólk þeirra stundi aðra starfsemi í Sambandinu en útvarpsrekstur, eins og rannsóknir og viðtöl. Einkum breyta þessar þvingunaraðgerðir ekki þeirri skyldu að virða þau réttindi, frelsi og meginreglur sem um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þ.m.t. í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og stjórnarskrám aðildarríkjanna, á gildis sviðum hvers þeirra um sig.
- 9) Til þess að tryggja samræmi í ferlinu við að fella útsendingarleyfi tímabundið úr gildi, sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, ætti ráðið að nýta framkvæmdarvald til að ákveða, að lokinni athugun á viðkomandi málum, hvort þvingunaraðgerðirnar eigi að taka gildi, á þeim degi sem tilgreindur er í þessari reglugerð, að því er varðar ýmsar rekstrareiningar á skrá í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 10) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er styrkt bann við útflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821⁽⁴⁾, og á vörum og tækni

sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála í Rússlandi, sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til rekstrareininga á skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrar-einingar eða stofnanir sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

- 11) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er 53 nýjum rekstrareiningum bætt við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 eru enn fremur færðar á skrána tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla með óbeinum hætti að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands með því að sniðganga útflutningstakmarkanir, þ.m.t. á ómönnum loftförum eða flugskeytum.
- 12) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er aukið við skrána yfir hluti sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. kemísk forefni fyrir óeirðastjórnunarefni, hugbúnaður í tengslum við tölvustýrðar vélar, krómsambönd og stjórnubúnaður til að stýra ómönnum loftförum.
- 13) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 eru lögð frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. kemísk efni, sumar tegundir plasts og gúmmí. Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 aukið við skrána yfir vörur og tækni, sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Rússlands.
- 14) Til að tryggja skilvirka framkvæmd þvingunaraðgerða er í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 gerð grein fyrir því að þegar viðeigandi ákvæði ákvörðunar 2014/512/SSUÖ og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 veita lögbærum stjórnvöldum heimild til að leyfa sölu og útflutning, og tengda tækniaðstoð, á upplýsingaöryggiskerfum, búnaði og íhlutum til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækniaðstoð séu ætlaðar fyrir rafrænt borgaralegt fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að og að því tilskildu að netið sé ekki eign rekstrareiningar sem lýtur opinberri stjórn eða er yfir 50% í eigu hins opinbera, er heimilt að veita slík leyfi einkum til þeirra sem veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 15) Auk þess eru með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 lögð frekari innflutningshöft á hráál, sem aflar Rússlandi umtalsverðra tekna og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríði sínu gegn Úkraínu. Framkvæmda-stjórnin ætti að vakta það álverð sem skiptir máli fyrir framleiðendur og neytendur í Sambandinu og tengist innflutningshöftunum og ætti að tilkynna ráðinu um það ef einhverjar meiriháttar breytingar verða varðandi álverð sem skipta máli fyrir framleiðendur og neytendur í Sambandinu og tengist innflutningshöftum á hrááli, eins og mælt er fyrir um í 3. gr. í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og, eftir því sem við á, leggja til mótvægisráðstafanir.
- 16) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 voru gerðar breytingar á undanþágu frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og sem nauðsynlegir eru vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest. Með henni er einnig innleidd sérstök undanþága frá banninu við innflutningi á tilteknum hlutum sem eru beinlínis nauðsynlegir vegna reksturs Druzhba-olíuleiðslunnar.
- 17) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er beiting undanþágu frá flugbanni hvað varðar mönnum loftför takmörkuð sérstaklega með því að innleiða kröfu um heimild frá lögbærum stjórnvöldum vegna lendingar, flugtaks og flugs í þágu tiltekinna aðgerða með drónum yfir yfirráðasvæði Sambandsins. Til að auka kostnað Rússlands vegna áframhaldandi árásarstríðs þess gegn Úkraínu og tryggja skilvirkni þvingunaraðgerða Sambandsins, sem beinast gegn fluggeiranum með því að takast á við hættuna á röskun þeirra, víkkar ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 einnig út flugbannið þannig að það nái til skráðra flugrekenda sem starfrækja innanlandsflug í Rússlandi eða selja, afhenda, flytja eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, loftför eða aðrar flug-tengdar vörur og tækni til rússnesks flugrekenda eða vegna flugs innan Rússlands, sem og til rekstrareininga sem eru í eigu eða undir stjórn slíks flugrekenda.
- 18) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 eru settar frekari takmarkanir á útflutning vara og tækni, einkum hugbúnaðar sem tengist olíu- og gasleit, í því skyni að takmarka enn frekar getu Rússlands til leitar og framleiðslu á olíu og gasi.
- 19) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er kveðið á um undanþágu vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings frá Slóvakíu til Ungverjalands eða frá Ungverjalandi til Slóvakíu á tilteknum jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XXXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru fengnar úr hráolíu sem flutt er inn með leiðslum, til að tryggja afhendingaröryggi til þessara landluktunda.

- 20) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu og flutningi olíu. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er lagt bann við því að leggja tímabundið til geymslu fyrir rússneska hráolíu og jarðolíuafurðir innan Sambandsins, án tillits til innkaupsverðs olíunnar og lokaákvörðunarstaðar þeirra afurða. Slíkt bann mun hafa í för með sér viðbótarkostnað vegna flutnings á rússneskri olíu og draga þannig úr tekjum Rússlands. Þetta bann hefur ekki áhrif á gildissvið annarra innflutningsbanna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 vegna þess að tímabundin geymsla, eins og hún er skilgreind í 17. lið 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁵⁾, ásamt því að koma vörum fyrir samkvæmt málsmeðferðinni á frísvæði, skv. 3. mgr. 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, er ekki heimilt að því er varðar vörur sem falla undir innflutningsbönn.
- 21) Bann við umhleðsluþjónustu vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi ætti hvorki að hafa áhrif á innflutning til Sambandsins né afhendingaröryggi aðildarríkjanna. Af þeirri ástæðu er gerð grein fyrir því í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 að umhleðsluþjónusta vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi er leyfð ef nauðsyn krefur vegna flutnings milli hafna í sama aðildarríki, þ.m.t. frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.
- 22) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 gerð breyting á banninu við vöruflutningum rekstraraðila, sem eru 25% eða meira í eigu rússneskra einstaklinga eða lögaðila, á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi. Banna ætti rekstrareiningum, sem fengið hafa staðfestu innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og starfa þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka hundraðshluta í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.
- 23) Lagt er bann við því að láta í té vörur, tækni og þjónustu til að ljúka rússneskum verkefnum er varða fljótandi jarðgas. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er bannið vikkað út þannig að það nái til verkloka hráolíuverkefna í Rússlandi, s.s. Vostok-olíuverkefnisins. Það ætti ekki að hafa áhrif á kaup og innflutning á rússneskri hráolíu í samræmi við tímabundnar undanþágur fyrir tiltekin landlukt aðildarríki.
- 24) Rétt þykir að leggja bann við innflutningi á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er innleidd undanþága frá banninu sem aðildarríki, sem er ekki tengt samtengda jarðgaskerfinu þegar fljótandi jarðgas er keypt, flutt inn eða flutt frá birgðastöð í öðru aðildarríki sem er tengd samtengda jarðgaskerfinu, getur veitt til að tryggja orkuafhendingu til sín.
- 25) Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er þess krafist að innflutningi óslípaðra demanta fylgi vottorð samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002⁽⁶⁾ þar sem skýrt kemur fram upprunaland eða -lönd námunnar. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er gildistökuðegi kröfunnar um að leggja fram sönnunargögn, byggð á rekjanleika, vegna innflutnings á slípuðum demöntum einnig frestað. Enn fremur mun úrlausn stjórnunarlegra álitamála í tengslum við rekjanleikakerfið krefjast áframhaldandi samstarfs við G7-hópinn og þriðju lönd. Í því skyni að liðka enn frekar fyrir framkvæmd þessara aðgerða og áframhaldandi skuldbindingum við G7-hópinn og þriðju lönd ætti að fylgjast áfram með því að samkeppnisskilyrði innan G7-hópsins haldist jöfn með tilliti til ráðstafana í tengslum við demanta.
- 26) Til að koma í veg fyrir að rekstraraðilar í Sambandinu leggi til þróunar á grunnvirkjum Rússlands er í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 sett fram bann við veitingu þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar.
- 27) Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar. Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er gerð grein fyrir því að bann er lagt við sölu, leyfisveitingum eða annars konar framsali á hugverka-réttindum eða viðskiptaleyndarmálum sem tengjast þeim hugbúnaði.
- 28) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er innleidd undanþága frá banninu við því að veita þjónustu á sviði byggingarframkvæmda og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni þegar sú þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis-eða sendiskrifstofu Rússlands sem staðsett er í aðildarríki.
- 29) Að auki er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 lagt bann við hvers konar viðskiptum við hafnir og skipastiga og flugvelli í Rússlandi sem eru notuð til að flytja ómönnuð loftför eða flugskeyti eða tengda tækni eða íhluti þeirra til Rússlands eða til að sniðganga verðþak fyrir olíu með því að skip stundi óreglulega og áhættusama sjóflutninga, eða aðrar þvingunaraðgerðir. Þetta tekur til aðgengis að aðstöðu skráðra hafna og skipastiga og flugvalla og hvers konar veitingar þjónustu fyrir skip eða loftför. Kveðið er á um viðeigandi undanþágur til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á lögmæta verslun eða samskipti milli fólks. Enn fremur takmarkast bannið við slíkum viðskiptum við innviði í Rússlandi.

- 30) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 eru settar takmarkanir á lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð og sem, með slíkri notkun, i. efla fjárhagslegan viðnámsþrótt Rússlands og ii. styðja við sniðgöngu þeirra banna sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁷⁾. Að auki er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 innleidd undanþága sem heimilar framkvæmd viðskipta við tiltekna rekstrareiningu sem er að finna í XLIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru nauðsynleg vegna endurgreiðslu ábyrgða sem aðildarríki veitir, fjárlosunar í Rússlandi eða slíta á atvinnustarfsemi í Rússlandi eða efnda tiltekinna samninga.
- 31) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 víkkar enn frekar út viðskiptabannið á lánastofnanir, fjármálastofnanir og rekstrareiningar, sem veita þjónustu á sviði sýndareigna (e. crypto assets) sem styður við viðskipti í tengslum við skráð skip og raska þannig banninu sem sett er fram í 3. gr. s í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 sem miðar að því að takmarka getu Rússlands til að heyja stríð gegn Úkraínu. Auk þess leggur hún takmarkanir á lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir á skránni í XLV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, með staðfestu utan Sambandsins sem eru lána- eða fjármálastofnanir eða rekstrareiningar sem veita þjónustu með sýndareignir og taka þátt í viðskiptum sem auðvelda, með beinum eða óbeinum hætti, sniðgöngu bannsins sem sett er fram í 3. gr. n í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 32) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 víkkar út þvingunaraðgerðirnar, að því er varðar veitingu sérhæfðrar sendingarþjónustu á sviði fjármála, þannig að þær nái til tiltekinna rússneskra lánastofnana eða rekstrareininga sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lánastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið, og eru annaðhvort stórir og mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess.
- 33) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 er bætt við undanþágu vegna móttöku innlána sem annars eru takmörkuð vegna starfsemi sem nauðsynleg er vegna endurskipulagningar eða skiptameðferðar lögaðila sem tengist rekstrareiningu sem er á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014.
- 34) Til að auðvelda störf borgaralegs samfélags og fjölmiðla er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 innleidd undanþága frá banni við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi til Rússlands á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, þegar slíkt er nauðsynlegt til notkunar vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla sem eflir með beinum hætti lýðræði og mannréttindi eða ýtir undir réttarríki í Rússlandi við tilteknar aðstæður.
- 35) Ef það er nauðsynlegt til að berjast gegn sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, ætti framkvæmdastjórnin að geta skipst á upplýsingum um verslun, viðskipti og rekstraraðila í þriðju löndum við lögbær stjórnvöld samstarfslanda sem beita svipuðum þvingunaraðgerðum.
- 36) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽⁸⁾ er tilteknum tegundum rekstrareininga, nánar tiltekið tilkynningarskyldum rekstrareiningum sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. hennar, skylt að tilkynna um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjunum. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁹⁾ var broti á þvingunaraðgerðum Sambandsins bætt á skrána yfir frumbrot sem sett er fram í 1. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673⁽¹⁰⁾. Vegna þeirrar viðbótar og skv. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 frá og með maí 2025 verður tilkynningarskyldum rekstrareiningum skylt að tilkynna skrifstofum fjármálagreininga lögreglu um öll grunsamleg viðskipti í tengslum við grun um brot gegn þvingunaraðgerðum Sambandsins. Enn fremur er þess krafist í 6. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir veiti lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þeir eða þau eru búsett eða staðsett hvers kyns upplýsingar sem myndu greiða fyrir framkvæmd þeirrar reglugerðar innan tveggja vikna frá því að þeirra var aflað og að þau vinni með lögbæra stjórnvaldinu að hvers kyns sannprófunum á slíkum upplýsingum. Til að komast hjá tvöfaldri skýrslugjöf geta aðildarríkin ákveðið að þessum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sé ekki skylt að gefa lögbærum stjórnvöldum, öðrum en skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, skýrslu með sömu upplýsingum.
- 37) Rétt þykir að rýmka gildissvið ákvæðisins í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um viðurkenningu á skaðabóta-kröfu vegna tjóns sem rekstraraðilar í Sambandinu verða fyrir vegna ákvörðunar samkvæmt sértækri rússneskri löggjöf svo það taki til þeirra aðila sem bera ábyrgð á að gefa út slíka ákvörðun. Auk þess er bætt við það ákvæði tilvísun í rússneska löggjöf sem heimilar takmarkanir á fyrirtækjaréttindum erlendra eignarhaldsfélaga í stofnunum sem hafa efnahagslegt mikilvægi fyrir Rússland og að rússneskir réttihafar geti aflað sér beins erlends eignarhalds í slíkum stofnunum og að þeir fái beinar arðgreiðslur.

- 38) Til að tryggja rétta framkvæmd þvingunaraðgerða og fullnægjandi vernd rekstraraðila í Sambandinu þykir rétt, skv. 11. gr. a og 11. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, að rekstraraðilar í Sambandinu eigi, með málarekstri fyrir lögbærum dómstólum aðildarríkis, rétt á að fara fram á skaðabætur vegna tiltekins beins eða óbeins tjóns sem þeir verða fyrir vegna krafna sem rekstrareiningar eða aðilar, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, leggja fram, m.a. vegna tjóns sem lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstraraðila í Sambandinu hafa orðið fyrir, með fyrirvara um landsreglur um bann við tvöfaldri endurheimt. Að auki ættu rekstraraðilar í Sambandinu að geta farið fram á skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þeim rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014. Í aðstæðum þar sem Rússland eða annað þriðja land gerir ráðstafanir til að hindra að farið sé að reglugerð (ESB) nr. 833/2014 má líta svo á að rekstraraðilar í Sambandinu séu í reynd sviptir því að hafa virkan aðgang að úrræðum í þessum innlendu lögsögum.
- 39) Til að tryggja skilvirka framkvæmd þvingunaraðgerða og ráða bót á mögulegum aðstæðum þar sem aðgangur að réttarkerfinu er ekki fyrir hendi þykir rétt að kveða á um *forum necessitatis* til að gera dómstóli í aðildarríki kleift, í undantekningartilvikum, að úrskurða um skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 11. gr. a og 11. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 þegar lög Sambandsins eða lög aðildarríkis kveða ekki á um að dómstóll í tilteknu aðildarríki hafi lögsögu. Þó ætti eingöngu að nýta lögsögu sem byggist á *forum necessitatis* þegar mál hefur fullnægjandi tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín, t.d. þegar kröfuhafinn hefur lögheimili í því aðildarríki eða er skráður þar samkvæmt lögum.
- 40) Rétt þykir að auka samstarf milli lögbærra landsbundinna stjórnvalda, m.a. með því að styrkja hlutverk skrifstofa fjármálagreininga lögreglu við upplýsingaskipti sem máli skipta hvað varðar framkvæmd og framfylgd þeirra þvingunaraðgerða sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 41) Í ljósi þess hversu mikilvægt er að rekstraraðilar í Sambandinu fari að ákvæðum þvingunaraðgerða þeirra ætti framkvæmdastjórnin að veita þeim aðstoð sem auðveldar þeim að fara að tilskildum ákvæðum, einkum þar sem slík reglufylgni myndi útheimta umtalsverð tilföng og þar sem miðlægur stuðningur gæti bætt skilvirkni. Þetta á einkum við í tengslum við áreiðanleikakönnunina sem krafist er að rekstraraðilar í Sambandinu geri í tengslum við mögulega viðskiptafélaga. Framkvæmdastjórnin ætti að geta unnið nauðsynlegar persónuupplýsingar í því skyni.
- 42) Til að berjast gegn endurútflutningi á tilteknum vörum er þess krafist samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 að rekstraraðilar Sambandsins, sem selja, afhenda, flytja eða flytja út slíkar vörur til þriðju landa, annarra en samstarfslandanna sem eru á skrá í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, komi til framkvæmda fyrirkomulagi áreiðanleikakannana sem geta greint og metið áhættu af slíkum endurútflutningi til Rússlands og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirráð yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 43) Loks eru í ákvörðun (SSUÖ) 2025/394 gerðar tilteknar breytingar á undanþágum og frávikum frá banni við útflutningi á vörum með tvíþætt notagildi og háþróaðri tækni, og undanþágum frá tilteknum bönnum skipt út fyrir frávik. Þar að auki falla brott tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru runnin út og aðrar tilvísanir sem ekki eru nauðsynlegar til að fara að tilteknum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 833/2014. Ekki er ætlunin að brottfelling tilvísana til umbreytingartímabila sem þegar eru útrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila. Einnig þykir rétt að setja fram í þessari reglugerð sérstakar tilvísanir í gildandi rússneska löggjöf til að uppfæra tiltekin ákvæði varðandi vernd rekstraraðila í Sambandinu. Enn fremur þykir rétt að gera tilteknar tæknilegar breytingar til að bæta nákvæmni tiltekinna ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 varðandi persónuupplýsingar og skjöl í vörslu stofnana Sambandsins og auka skýrleika málfars í tilteknum öðrum ákvæðum.
- 44) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 45) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um kröfur varðandi heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð.

Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins,

þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Rússlandi.

3a. Með fyrirvara um kröfur varðandi heimild í reglugerð (ESB) 2021/821 gildir bannið í 1. mgr. a í þessari grein ekki um umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi sem nota á í þeim tilgangi sem fram kemur í 3. mgr. þessarar greinar.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

- c) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur varðandi heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld leyft sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlaða,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) í sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Rússlandi, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum þeirra stjórnvalda,
- i) til uppfærslu á hugbúnaði,
- j) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða
- k) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð.

4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur varðandi heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld leyft umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c-, d-, h- og k-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

- d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota nema sala, afhending, tilflutningur eða

útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 2. gr. b,

- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir flug- eða geimiðnað eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur, eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð, sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 3. gr.“

2) Ákvæðum 2. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á þeim vörum og tækni, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð.

Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Rússlandi.

3a. Bannið í 1. mgr. a gildir ekki um umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála og eru á skrá í VII. viðauka, sem ætlaðar eru til þeirra nota sem um getur í 3. mgr.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

c) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða undir fullum eða sameiginlegum yfirráðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) í sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Rússlandi, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum þeirra stjórnvalda,
- i) til einkanota og undir fullu eftirliti aðildarríkisins sem veitir heimildina og til að uppfylla framfærsluskyldur sínar á svæðum sem falla undir langtímaleigusamning milli þess aðildarríkis og Rússneska sambandsríkisins,
- j) til uppfærslu á hugbúnaði,

k) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða

l) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð.

4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Rússlands á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða að þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sem eru á skrá í VII. viðauka a, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í b-, c-, d-, h- og l-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í IV. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 2. gr. b,
- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir flug- eða geimiðnað eða
- iii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætlaður fyrir orkugeirann nema slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur, eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð, sé heimil samkvæmt þeim undanþágum sem um getur í 3.–6. mgr. 3. gr.“

3) Ákvæðum 2. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í IV. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„1a. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka,
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í IV. viðauka.

1b. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a í þessari grein og með fyrirvara um kröfur varðandi heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna einungis leyft sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og þeirra vara og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:

- a) að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu nauðsynlegar til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
- b) að afhenda eigi slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 26. febrúar 2022, eða fylgisamningum sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíks samnings, að því tilskildu að farið hafi verið fram á heimildina fyrir 1. maí 2022.“

4) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr. d kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær stjórnvöld skulu án tafar skiptast á upplýsingum um beitingu 2. gr., 2. gr. a og 2. gr. b við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. um veittar heimildir eða synjanir og, ef um er að ræða grun um

að verið sé að leita að hentugu varnarþingi eða í öðrum tilvikum, ef við á, um beiðnir um heimildir sem hafa borist.“

5) Ákvæðum 2. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. fellur b-liður brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að látn sé í té opinber fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrur á verkefni.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. a og 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

6) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á hugbúnaði sem er á skrá í II. viðauka til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni þess, eða til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu þess og á landgrunni þess.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a, vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða vegna veitingar tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og 1. mgr. a og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Bönnin í 1. mgr. a gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum hugbúnaðar sem er nauðsynlegur vegna efnda, fram til 26. maí 2025, samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

d) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

e) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorða í 6. mgr.:

„6. Þrátt fyrir 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað.“

7) Ákvæðum 3. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað námugróft og grjótnám þar sem framleiðsla einhverra þeirra efna sem skráð eru í XXX. viðauka skilar mestum verðmætum eða er meginmarkmiðið.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr., 3. mgr. a og 3. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- c) Ákvæði 5. mgr. falla brott.
- 8) Ákvæðum 3. gr. d er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því að loftför, sem flugrekendur í Rússlandi starfrækja, þ.m.t. markaðsaðilar á sviði loftflutninga innan ramma fyrirkomulags um sameiginleg flugnúmer eða föst sætakeup eða loftför sem skráð eru í Rússlandi eða loftför sem ekki eru skráð í Rússlandi, sem eru í eigu eða leigu eða á annan hátt undir yfirráðum rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, lendi á, hefji sig til flugs frá eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins. Bannið í þessari málsgrein gildir einnig um öll önnur loftför sem notuð eru í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti hvar eða hvenær flugtak eða landing fer fram. Með fyrirvara um þær reglur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012⁽¹⁾ að því er varðar framlagningu flugáætlunar vegna flugs yfir landamæri gildir bannið í þessari málsgrein ekki um mönnuð loftför sem rúma að hámarki fjóra einstaklinga í sætum og með hámarksflugtaks massa sem er ekki meiri en 2 000 kg þegar þau eru notuð fyrir einkaflug sem eru ekki í atvinnuskyni, ekki á vegum fyrirtækis, innan yfirráðasvæðis og loftrýmis Sambandsins í tómstundaskyni eða eru til þjálfunar með tilliti til einkaflugmannsréttinda og skyldra réttinda hjá þjálfunaraðilum í Sambandinu.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „1b. Lagt er bann við því að flugrekendur, sem starfrækja innanlandsflug í Rússlandi eða selja, afhenda, flytja eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, loftför eða einhverjar þær vörur eða tækni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c til rússnesks flugrekanda eða vegna flugs í Rússlandi, sem eru á skrá í XLVI. viðauka, svo og rekstrareiningar sem eru í eigu eða undir yfirráðum slíks flugrekanda, lendi á, hefji sig til flugs frá eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins.“
- c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Ákvæði 1. mgr. og 1. mgr. b gilda ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.“
- d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað loftfari að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins ef þau lögbæru stjórnvöld hafa ákveðið að slíkt sé nauðsynlegt vegna mannúðarsjónarmiða eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessarar reglugerðar.“
- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „3a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað notkun ómannaðra loftfara, sem starfrækt eru í „opna“ flokknum, eins og skilgreint er í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947⁽¹²⁾ og notuð eru fyrir einkaflug sem er ekki í atvinnuskyni, ekki á vegum fyrirtækis og er innan yfirráðasvæðis og loftrýmis í tómstundaskyni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til þess að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins.“
- f) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. og 3. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 9) Ákvæðum 3. gr. i er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „3cg. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um innflutning, kaup eða flutning eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð sem telst nauðsynlegt vegna innflutnings inn í Sambandið á 275 000 tonnum af slíkum vörum á tímabilinu frá 25. febrúar 2025 og 26. febrúar 2026.
- 3ch. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. ekki gilda um efndir samninga, sem gerðir eru fyrir 25. febrúar 2025, frá 26. febrúar 2026 til 31. desember 2026 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga, um heildarmagn innflutnings á slíkum vörum til Sambandsins á tímabilinu sem fer ekki yfir 50 000 tonn.“
- b) Ákvæði 3. mgr. cb, 3. mgr. cf og 3. mgr. da falla brott.
- c) Í stað 3. mgr. e kemur eftirfarandi:
- „3e. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 7007, 7019, 8415, 8479, 8481, 8483, 8487, 8504, 8517, 8518, 8525,

8531, 8536, 8537, 8538, 8539, 8542, 8543 og 8603, sem eru á skrá í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest sem voru afhentir 2018, til uppfyllingar á ábyrgð sem nær yfir endingartíma sem Metrowagon-mash lagði fram fyrir 24. júní 2023.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3f. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning vara, sem falla undir SN-númer 9026, 9027 og 9031, sem eru á skrá í XXI. viðauka, þ.m.t. veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar vegna þessara innflutta vara í þágu viðhalds, viðgerða eða reglubundinnar vottunar á aðal- og aukamælistöðum fyrir hraolíu á Druzhba-olíuleiðslunni inn í Sambandið og eftir að hafa ákvarðað að vörurnar séu algerlega nauðsynlegar til að veita þjónustu til að tryggja órofna afhendingu á hraolíu eftir Druzhba-olíuleiðslunni frá Rússlandi, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 3. gr. m, og að þær verði fluttar út skv. 5. mgr. f í 3. gr. k yfir tímabil sem er algerlega nauðsynlegt vegna viðhalds, viðgerða eða reglubundinnar vottunar á Druzhba-olíuleiðslunni.“

e) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stýra magni innflutningskvóta, sem sett er fram í 3. mgr. cc, 3. mgr. cd, 3. mgr. cg, 3. mgr. ch og 4. mgr. þessarar greinar, í samræmi við stjórnunarkerfið fyrir tollkvóta sem kveðið er á um í 49.–54. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447.“

10) Ákvæðum 3. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. ab, 3. mgr. ac, 3. mgr. ad, 3. mgr. ae og 3. mgr. af falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3ag. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númerin á skrá í XXIIID. viðauka gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 26. maí 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

c) Eftirfarandi liður bætist við 5. mgr. a:

„d) vörum sem falla undir SN-númer 7007 19 80.“

d) Í stað 5. mgr. aa kemur eftirfarandi:

„5aa. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 2920 90, 3917 10 og 3920 62 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu í þágu matvælaframleiðslu til mannelis í Rússlandi.“

e) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5f. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning vara sem falla undir SN-númer 9026, 9027 og 9031, sem eru á skrá í XXIII. viðauka, sem áður hefur verið heimilt að flytja inn skv. 3. mgr. f í 3. gr. i.

5g. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8517 62 og 8523 52, sem eru á skrá í XXIII. viðauka, að því tilskildu að þær séu ætlaðar fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki í eigu rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera.“

f) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr. a, 5. mgr. b, 5. mgr. c og 5. mgr. g innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

11) Í stað 1. mgr. b í 31. gr. kemur eftirfarandi:

„1b. Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutninga-fyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi.

Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu fyrir 8. apríl 2022 og sem starfar þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi, að gera breytingar á fjármagnsuppyggingu sinni sem myndi auka

hundraðshluta í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.“

- 12) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 8. mgr. 3. gr. m.:

„Frá og með 25. febrúar 2025 geta lögbær stjórnvöld í Slóvakíu og Ungverjalandi, þrátt fyrir bönnin sem um getur í þriðju undirgrein og samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning frá Slóvakíu til Ungverjaland eða frá Ungverjalandi til Slóvakíu á tilteknum jarðolíuafurðum á skrá í XXXI. viðauka, sem eru fengnar úr hráolíu sem er flutt inn skv. d-lið 3. mgr., eftir að hafa ákvarðað að afurðirnar séu eingöngu ætlaðar til nota í þessum tveimur aðildarríkjum.“

- 13) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. nb

1. Lagt er bann við tímabundinni geymslu, eins og hún er skilgreind í 17. lið 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽¹³⁾, á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XXV. viðauka við þessa reglugerð ásamt því að koma þeim fyrir á yfirráðasvæði Sambandsins, samkvæmt málsmæðferðinni fyrir frísvæði skv. 3. mgr. 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, ef vörurnar eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki fyrir en 26. maí 2025 um vörur sem eru þegar í Sambandinu 25. febrúar 2025.

3. Bannið í 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki um aðildarríki sem njóta góðs af undanþágunum í d-lið 3. mgr. og 4. mgr. 3. gr. m.

4. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sjóflutta hráolíu og jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XXV. viðauka, þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.“

- 14) Ákvæðum 3. gr. p er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

8. Að því er varðar 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu vörur, sem falla undir SN-númer 7102 31 00 og 7102 10 00 og fluttar eru inn í Sambandið, tafarlaust lagðar fram til sannprófunar, ásamt vottorði samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002⁽¹⁴⁾ þar sem upprunalegt námuland eða -lönd koma skýrt fram, hjá stjórnvaldi sem er tilgreint í viðauka XXXVIII B. Aðildarríkið þar sem þessar vörur eru fluttar inn á tollsvæði Sambandsins skal tryggja að þær séu lagðar fram hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B. Heimilt er að veita leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning í þessu skyni. Ef veitt er leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning skal fresta sannprófuninni, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, uns stjórnvaldið sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B hefur tekið við vörunum. Innflytjandinn skal vera ábyrgur fyrir réttum flutningi varanna og bera kostnað af honum. Framlagning til þess stjórnvalds er ekki nauðsynleg að því tilskildu að vörurnar hafi áður farið í gegnum sannprófunarferlið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, og að því tilskildu að það sé sannað með sönnunargögnum, byggðum á rekjanleika, þ.m.t. samsvarandi vottorði sem vottar að demantarnir séu ekki unnir, meðhöndlaðir eða framleiddir í Rússlandi, eins og kveðið er á um í 10. mgr.“

- b) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland demantanna eða varanna sem innihalda demanta sem eru notuð sem ílag við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi.

Frá og með 1. mars 2025 skulu sönnunargögn, byggð á rekjanleika, fyrir vörur á skrá í A-hluta viðauka XXXVIII A, sem falla undir SN-númer 7102 10 00 og 7102 31 00, innihalda samsvarandi vottorð um að námugröftur, vinnsla eða framleiðsla demantanna hafi ekki farið fram í Rússlandi. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7102 39 00, á skrá í A-hluta í viðauka XXXVIII A, gildir skyldubundin notkun sönnunargagna, byggðum á rekjanleika, þ.m.t. vottorð um að námugröftur, vinnsla eða framleiðsla demantanna hafi ekki farið fram í Rússlandi, frá og með 1. janúar 2026.“

- 15) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. gr. r:

„9a. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um umhleðsluþjónustu vegna umskipunar á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi ef slík umhleðsla er nauðsynleg vegna flutnings þess milli hafna í sama aðildarríki, þ.m.t. frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.“

- 16) Í stað 3. mgr. 3. gr. s kemur eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip, sem er á skrá í XLII. viðauka, sem þarfnast aðstoðar þegar leitað er skipaafdreps, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgunar mannlífa á hafi úti, í mannúðarskyni, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið, til að bregðast við náttúruhamförum, til að viðurkenna eða fullnusta dóm eða úrskurð gerðardóms sem kveðinn er upp í aðildarríki, í þeim tilgangi að rannsaka brot á ákvæðum þessarar reglugerðar eða annað ólöglegt athæfi.“

17) Í stað 3. gr. t kemur eftirfarandi:

„3. gr. t

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni og við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi þjónustu þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas, s.s. birgðastöðvum og framleiðslustöðvum, eða til þess að ljúka verkefnum er varða hráolíu í Rússlandi, s.s. leitar- og vinnsluverkefnum.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu í tengslum við vörum, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas eða verkefnum sem varða hráolíu eins og um getur í 1. mgr.,
- b) veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð í tengslum við vörur, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas eða verkefnum sem varða hráolíu eins og um getur í 1. mgr.

3. Bönningin í 1. og 2. mgr. sem tengjast verkefnum sem varða hráolíu skulu ekki hafa áhrif fyrir en 26. maí 2025 á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki um oliuvinnsluverkefni þar sem reglulegri framleiðslu í viðskiptaskyni var komið á fyrir 25. febrúar 2025.“

18) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. gr. u:

„5. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. getur lögbært stjórnvald aðildarríkis, þar sem birgðastöð fyrir fljótandi jarðgas er ekki tengd samtengda jarðgaskerfinu, heimilað kaup, innflutning eða tilflutning á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi eftir að hafa ákvarðað að:

- a) viðkomandi fljótandi jarðgas hafi verið keypt, flutt inn eða flutt frá birgðastöð sem er staðsett í öðru aðildarríki og birgðastöðin er tengd samtengda jarðgaskerfinu og
- b) kaupin, innflutningurinn eða tilflutningurinn sé notaður til að tryggja orkuafhendingu.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

19) Í stað 1. mgr. 5. gr. ab kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, sem hefur lagt fram kröfu fyrir rússneskum dómstóli gegn einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. þessarar reglugerðar, í því skyni að fá lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða annan dómsúrskurð á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneska sambandsríkisins um gerðardóms-meðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa, beint eða óbeint, að hluta til eða að öllu leyti, orðið fyrir áhrifum af þeim ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eins og fram kemur í XLIII. viðauka við þessa reglugerð.“

20) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr. ac:

„7. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta með færslunúmerinu 1 í XLIV. viðauka samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt vegna:

- a) endurgreiðslu útflutningslána sem hafa ábyrgðir,
- b) viðskipta sem eru algerlega nauðsynleg vegna fjárlosunar í Rússlandi eða slita á atvinnustarfsemi í Rússlandi fyrir 26. ágúst 2025, sem féllu undir ábyrgðir aðildarríkis á útflutningslánum eða

- c) efnda samninga, sem gerðir eru fyrir 25. febrúar 2025, til 26. ágúst 2025 eða þar til gildistími þeirra rennur út, eftir því hvorn daginn ber upp á undan fyrir réttihafa sem eru staðsettir í Evrópusambandinu.“

21) Í stað 5. gr. ad kemur eftirfarandi:

„5. gr. ad

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem veitir þjónustu með sýndareignir sem:

- a) tekur þátt í viðskiptum sem auðvelda, með beinum eða óbeinum hætti, útflutning, sölu, afhendingu, tilflutning eða flutning til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, vörum eða tækni, sem eru á skrá í VII., XI., XX. og XXXV. viðauka við þessa reglugerð, almennum vörum með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð, og skotvopnum og skotfærum sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eins og skráð er í A-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð,
- b) tekur þátt í að raska banninu sem sett er fram í 3. gr. s með viðskiptum í tengslum við skip sem eru á skrá í XLII. viðauka, eins og skráð er í B-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð eða
- c) sniðgengur bannið sem sett er fram í 3. gr. n, eins og skráð er í C-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa til eða flytja til Rússlands samkvæmt þessari reglugerð,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að þau viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur.“

22) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. ae

1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skipastiga sem eru á skrá í A-hluta XLVII. viðauka. Undir A-hluta XLVII. viðauka falla hafnir og skipastigar sem eru notuð:

- a) vegna tilflutnings ómannaðra loftfara eða flugskeyta, tengdrar tækni eða íhluta þeirra til stuðnings árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu,
- b) til að flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá Rússlandi eða til Rússlands, til notkunar þar í landi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
- c) til að flytja á sjó hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XXV. viðauka, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út þaðan, með skipum sem stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),
- d) til að flytja vörur, sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og eru á skrá í XI., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð, eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi og inn til Sambandsins og eru á skrá í XXI. viðauka við þessa reglugerð, og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,
- e) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263.

2. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við flugvelli sem eru á skrá í B-hluta XLVII. viðauka. Undir B-hluta XLVII. viðauka falla flugvellar sem eru notaðir:

- a) vegna tilflutnings ómannaðra loftfara eða flugskeyta, tengdrar tækni eða íhluta þeirra til stuðnings árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu,
- b) til að flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá Rússlandi eða til Rússlands, til notkunar þar í landi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
- c) til að flytja vörur sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og eru á skrá í XI., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi og inn til Sambandsins og eru á skrá í XXI. viðauka við þessa reglugerð og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,
- d) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

- a) ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó, eða í mannúðarskyni, eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum,
- b) um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- c) nema það sé bannað skv. 3. gr. m eða 3. gr. n, um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, frá eða í gegnum Rússland,
- d) um viðskipti sem eru nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburður sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari reglugerð,
- e) um viðskipti vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings sjófluttrar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru á skrá í XXV. viðauka þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur,
- f) um viðskipti sem eru nauðsynleg til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu, sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðskipti sem eru algerlega nauðsynlega vegna:

- a) notkunar í mannúðarskyni, brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar,
- b) reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu eða til stuðnings við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna,
- c) nauðlendingar, flugtaks eða yfirflugs,
- d) opinberra ferða sendiráðsmanna eða starfsmanna ræðisskrifstofa aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- e) ferða einstaklinga af persónulegum ástæðum til eða frá Rússlandi eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
- f) kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari reglugerð.

5. Rekstraraðilar skulu upplýsa lögbært stjórnvald aðildarríkisins, þar sem þeir eru skráðir eða þar sem þeir eru stofnaðir samkvæmt lögum, um öll viðskipti sem fara fram skv. 3. eða 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að gengið er frá þeim. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.“

23) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 5. gr. c):

- „g) nauðsynleg vegna endurskipulagningar eða skiptameðferðar lögaðila sem tengist rekstrareiningu sem skráð er undir færslunúmeri 82 undir fyrirsögninni „B. Rekstrareiningar“ í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014.“
- 24) Eftirfarandi liður bætist við 2. mgr. 5. gr. i:
- „c) vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla sem eflir með beinum hætti lýðræði og mannréttindi eða ýtir undir réttarríki í Rússlandi, sem fær opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða samstarfslöndum á skrá í VIII. viðauka.“
- 25) Í stað c-liðar 1. mgr. 5. gr. k kemur eftirfarandi:
- „c) einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar.“
- 26) Í stað inngangsorða 1. mgr. 5. gr. l kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því að veita beinan eða óbeinan stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annan ávinning samkvæmt áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða landsáætlun aðildarríkis og samningum í skilningi reglugerðar (ESB, KBE) 2024/2509⁽¹⁵⁾ til:“
- 27) Ákvæðum 5. gr. n er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarframkvæmda, arkitektaþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni til handa:
- a) ríkisstjórn Rússlands eða
- b) lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi.“
- b) Eftirfarandi liður bætist við 3. mgr. a:
- „c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 2. mgr. b og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu ríkisstjórnar Rússlands eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi.“
- c) Ákvæði 4. mgr. b og 7. mgr. falla brott.
- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „9c. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Rússneska sambandsríkisins sem staðsett er í aðildarríki.“
- e) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:
- „11. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 9. mgr. a, 9. mgr. b, 9. mgr. c og 10. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 28) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „2a. Framkvæmdastjórnin getur, í samráði við aðildarríkin og á grundvelli gagnkvæmni, skipst á upplýsingum við lögbær stjórnvöld samstarfslands, sem skráð er í VIII. viðauka, um verslun, viðskipti og rekstrar-aðila í þriðju löndum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í þessari reglugerð, að því marki sem það skiptir máli og er nauðsynlegt fyrir skilvirka framkvæmd þessarar reglu-gerðar. Ef þær upplýsingar innihalda persónuupplýsingar skulu skiptin fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725.
- Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, tengjast í undantekningartilvikum rekstraraðila með staðfestu í aðildarríki skal framkvæmdastjórnin fá samþykki lögbærra stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríki áður en nokkur upplýsingaskipti fara fram.“
- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggis-málum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði snið-

gengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur sem gilda um meginstofnanir Sambandsins veita. Sama vernd skal einnig gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

- 29) Í stað 11. gr. a kemur eftirfarandi:

„11. gr. a

Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir yfirráðum aðila sem um getur í d-lið 13. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.“

- 30) Í stað 1. mgr. 11. gr. b kemur eftirfarandi:

„1. Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., skal, með dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á greiðslu beinna eða óbeinna skaðabóta, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar, vegna skaða sem sá aðili eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem eru í eigu eða undir yfirráðum aðilans sem um getur í d-lið 13. gr., verður fyrir af hálfu aðila, rekstrareininga eða stofnana, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., sem nutu góðs af eða bera ábyrgð á ákvörðun sem tekin var samkvæmt tilskipun forseta Rússneska sambandsríkisins nr. 302 frá 25. apríl 2023 með síðari breytingum, samkvæmt lögum sambandsríkisins nr. 470-FZ frá 4. ágúst 2023 með síðari breytingum eða samkvæmt tengdri eða jafngildri rússneskri löggjöf, að því tilskildu að slík ákvörðun sé ólögleg samkvæmt hefðbundnum reglum þjóðaréttar eða samkvæmt tvíhliða fjárfestingasamningi sem gerður er milli viðkomandi aðildarríkis og Rússneska sambandsríkisins og að viðkomandi aðili hafi ekki virkan aðgang að úrræðum í viðeigandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., sem nutu góðs af eða bera ábyrgð á ákvörðun sem gefin er út samkvæmt þessum tilskipunum eða löggjöf í Rússlandi eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.“

- 31) Í stað 11. gr. c kemur eftirfarandi:

„11. gr. c

1. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða öðrum dómsúrskurði á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.

2. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri meðferð sakamála stendur, eða viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja refsingu eða öðrum viðurlögum samkvæmt rússneskum hegningarlögum, sem byggist á meintu broti á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða annarri ákvörðun dómstóla á grundvelli, eða sem leiðir af, gr. 248.1 eða gr. 248.2 í reglum Rússneskra sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.“

- 32) Eftirfarandi grein bætist við:

„11. gr. d

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 11. gr. a eða 11. gr. b, að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

- 33) Ákvæðum 12. gr. a er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, eftir því sem þurfa þykir, til að hún geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð, í tengslum við framlag hennar til réttar framkvæmdar,

framfylgdar og til að koma í veg fyrir að aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, verði sniðgengnar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. sérstaka flokka persónuupplýsinga og persónuupplýsinga sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, til þess að bera kennsl á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til þess að aðstoða aðilana sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar við að fara að þessari reglugerð.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, töllyfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽¹⁶⁾ og tilskipunar 2014/65/ESB, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu, eins og um getur í tilskipun (ESB) 2025/849, og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 6. gr. b við þessa reglugerð, við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að innna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfirvalda.“

34) Í stað 12. gr. gb kemur eftirfarandi:

„12. gr. gb

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, flytja til eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka, eða vörur sem eru á skrá í XLVIII. viðauka, skulu:

- a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
- b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

1a. Ákvæði 1. mgr. gilda frá og með 26. desember 2024 að því er varðar XL. viðauka og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar XLVIII. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða flytja til almennar vörur með mikinn forgang, á skrá í XL. viðauka, eða vörur á skrá í XLVIII. viðauka, einungis innan Sambandsins eða til samstarfslanda sem eru á skrá í VIII. viðauka.

3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirráð yfir og selur, afhendir, flytur til eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang, á skrá í XL. viðauka, eða vörur á skrá í XLVIII. viðauka, komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.

3a. Ákvæði 3. mgr. gilda frá og með 26. desember 2024 að því er varðar XL. viðauka og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar XLVIII. viðauka.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.“

35) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

36) Í stað IV. viðauka kemur texti í II. viðauka við þessa reglugerð.

37) Í stað VII. viðauka kemur texti í III. viðauka við þessa reglugerð.

38) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

39) Ákvæðum XV. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

Þessi liður gildir að því er varðar eina eða fleiri af þeim rekstrareiningum sem um getur í V. viðauka við þessa reglugerð frá og með 9. apríl 2025 og að því tilskildu að ráðið taki, eftir að hafa kannað viðkomandi mál, ákvörðun þar að lútandi með framkvæmdargerð.

- 40) Ákvæðum XXI. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 41) Í stað XXIII. viðauka kemur texti í VII. viðauka við þessa reglugerð.
- 42) Ákvæðum XXIII.D. viðauka er bætt við í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 43) Ákvæðum XXXVII. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.
- 44) Í stað XLII. viðauka kemur texti í X. viðauka við þessa reglugerð.
- 45) Í stað XLIV. viðauka kemur texti í XI. viðauka við þessa reglugerð.
- 46) Í stað XLV. viðauka kemur texti í XII. viðauka við þessa reglugerð.
- 47) Ákvæðum XLVI. viðauka er bætt við í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 48) Ákvæðum XLVII. viðauka er bætt við í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.
- 49) Ákvæðum XLVIII. viðauka er bætt við í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.
- 50) Ákvæði XXIII. viðauka B og XXIII. viðauka C falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/394, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/394/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðlegra viðskipta með óslípaða demanta (Stjtið. ESB L 358, 31.12.2002, bls. 28, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/2368/oj>).

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673 frá 23. Október 2018 um baráttuna gegn peningabætti samkvæmt refsirétti (OJ L 284, 12.11.2018, p. 22, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2018/1673/oj>).

⁽¹¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/923/oj).

⁽¹²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/947/oj).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðlegra viðskipta með óslípaða demanta (Stjtið. ESB L 358, 31.12.2002, bls. 28, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/2368/oj>).

(¹⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2024/2509 frá 23. september 2024 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins Stjtið. ESB L, 2024/2509, 26.9.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2509/oj>).“

(¹⁶) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/395/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023. Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 9.4.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/396****frá 24. febrúar 2025**

um breytingu á ákvörðun ráðsins 2022/266/SSUÖ um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/266⁽¹⁾.
- 2) Hinn 6. október 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/1908⁽²⁾ til að bregðast við ólöglegri innlimun Rússneska sambandsríkisins á svæðunum Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í Úkraínu. Með þeirri ákvörðun var titli ákvörðunar (SSUÖ) 2022/266 breytt og landfræðilegt gildissvið takmarkana rýmkað svo þær gildi um öll svæði sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu í héruðunum Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi staðfasta skuldbindingu Sambandsins til að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómátískan stuðning.
- 4) Sambandið viðurkennir ekki og heldur áfram að hafna og fordæma ólöglega innlimun Rússlands á svæðunum Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í Úkraínu. Sambandið framfylgir áfram að fullu stefnu sinni um „enga viðurkenningu“.
- 5) Í ljósi alvarleika ástandsins og áframhaldandi ólögmætra aðgerða Rússneska sambandsríkisins þar sem brotnar eru grundvallarreglur þjóðarréttar, þ.m.t. einkum bann við valdbeitingu, sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og brot á grundvallarreglum alþjóðlegs mannúðarréttar, þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- 6) Sambandið er staðráðið í að nota áfram öll diplómátísk, efnahagsleg og lagaleg úrræði sem það hefur yfir að ráða til að koma í veg fyrir að ólöglegt hernám Rússlands á svæðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu í héruðunum Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia (svæði sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar) festist í sessi og styðja endurheimt Úkraínu á fullveldisrétti yfir alþjóðlega viðurkenndum svæðum sínum. Í því skyni að hamla efnahagslegri, fjárhagslegri og lagalegri samþættingu á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, við Rússneska sambandsríkið, svo og koma í veg fyrir sniðgöngu Rússneska sambandsríkisins, í gegnum þessi svæði sem ekki lúta stjórn ríkisstjórnar, á þvingunaraðgerðum Sambandsins sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾, þykir rétt að víkka út þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2022/266.
- 7) Einkum þykir rétt að leggja takmarkanir á þjónustu sem auðveldar ólöglegt hernám Rússlands og gerir rekstraraðilum kleift að aðlagast laga- og fjármálakerfi Rússlands, fyrst og fremst vegna veitingar þjónustu á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar varðandi reikningsskil, endurskoðun, bókhald, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf, almannatengsl, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, arkitektapjónustu, verkfræðipjónustu, lögfræðiráðgjöf, ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, tækniprófanir og greiningar og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi.
- 8) Með það að markmiði að hamla sniðgöngu þykir rétt að banna að svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sé útveguð ákveðin tegund hugbúnaðar til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnaðar til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar og tengt hugverkaréttarverndað efni eða viðskiptaleyndarmál.
- 9) Einnig þykir rétt að banna afhendingu peningaseðla í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.
- 10) Í því skyni að lágmarka hættu á sniðgöngu þykir rétt að takmarka útflutning ákveðinnar vöru og tækni, sem er einnig takmörkuð með ákvörðun 2014/512/SSUÖ, til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.
- 11) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11⁽⁴⁾, þykir rétt að breyta ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísvitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu

sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.

12) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3. og 4. gr. falla brott.
- 2) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. falla brott.
- 3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út, beint eða óbeint, vörur og tækni eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni hvort sem tæknin og vörurnar eru upprunnar í Sambandinu eður ei,

 - a) til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. eða
 - b) til notkunar í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr., í eftirfarandi geirum:
 - i. flutningum,
 - ii. fjarskiptageiranum,
 - iii. orkugeiranum og
 - iv. geira leitar, rannsókna og vinnslu á olíu, gasi og steinefnum.“
 - b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.- 4) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita þjónustu, beint eða óbeint, varðandi reikningsskil, endurskoðun, þ.m.t. lögboðin endurskoðun, bókhald, eða skattaráðgjöf, eða rekstrar- og viðskiptaráðgjöf eða almannatengsla-þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.“
 - b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við eftir 1. mgr.:

„1-a. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingaframkvæmda og mannvirkja-gerðar, arkitektapjónustu og verkfræðipjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsinga-tækni til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

1-b. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsókna og skoðanakannana, tækniprófana og greiningarþjónustu og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

1-c. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra, flytja út eða útvega, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

1-d. Lagt er bann við því:

 - a) að veita, beint eða óbeint, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist með beinum hætti grunnvirkjum í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar í geirum sem um getur í 1. mgr. 6. gr., óháð því hvar vörurnar og tæknin eru upprunnar,
 - b) að veita tækniáðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þeim vörum og þjónustu sem um getur í mgr. 1, 1-a, 1-b og 1-c, vegna veitingar hennar, beint eða óbeint, til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,
 - c) að fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í mgr. 1, 1-a, 1-b og 1-c eða því að veita tengda tækniáðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, beint eða óbeint, til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,

- d) að selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í mgr. 1-c, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar eða til notkunar á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

1-e. Ákvæði mgr. 1 og 1-a gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.

1-f. Ákvæði mgr. 1 og 1-a gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnáðvala- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, svo og vegna viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar ráðsins 2014/145/SSUÖ(5).

1-g. Ákvæði mgr. 1-a, 1-b og 1-c gilda ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu, útflutning eða veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

1-h. Þrátt fyrir ákvæði mgr. 1-c geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir framlag ríkisborgara Úkraínu til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.

1-i. Þrátt fyrir ákvæði mgr. 1 til 1-d geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu sem þar um getur, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,
- c) vegna starfsemi alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar og hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhend-
ingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gang-
setningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til
framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða
mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgara-
legra nota, einkum á sviði rannsóknar og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna
reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Úkraínu, í Samband-
inu, milli Úkraínu og Sambandsins, og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.

1-j. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. mgr. 1-h eða 1-i innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- c) Í inngangsorðum 1. mgr. a kemur „Bönnin sem sett eru fram í mgr. 1 til 1-d gilda ekki um:“ í stað „Bönnin sem sett eru fram í 1. mgr. gilda ekki um:“.
- d) Í 1. mgr. b kemur „Í tilvikum sem falla ekki undir málsgreinar 1 til 1-d“ í stað „Í tilvikum sem falla ekki undir 1. mgr. a.“
- e) Ákvæði 2. og 3. mgr. falla brott.
- 5) Í stað a-liðar 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:
„a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar eða“.
- 6) Í 9. gr. falla 2. og 3. mgr. brott.

7) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„9. gr. a

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, eða til notkunar á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
- b) í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar eða
- c) borgaralegu samfélagi og fjölmiðlastarfsemi sem beinlínis eflir lýðræði, mannréttindi eða réttarrikið á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og fá opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í viðaukanum.

9. gr. b

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari ákvörðun eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna visvitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.

9. gr. c

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á skrá í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem, samkvæmt ákvörðun gerðardóms, dóms eða stjórnarsýslustofnunar, hefur brotið gegn þeim bönnum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun,
- c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun ef krafan tengist vörum sem bannað er að flytja inn samkvæmt 1. gr.,
- d) aðila, rekstrareiningu eða stofnun á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,
- e) rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- f) aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- til e-liðar þessarar málsgreinar.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.“

8) Viðauka er bætt við í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/266 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu (Stjtið. ESB L 42 I, 23.2.2022, bls. 109, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/266/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1908 frá 6. október 2022 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, og skipunum um að senda rússneskan herafla inn í þessi héruð (Stjtið. ESB L 259 I, 6.10.2022, bls. 118, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/1908/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

⁽⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins (þriðja deild) frá 21. desember 2011, *refsimál á hendur Mohsen Afrasiabi og öðrum*, C-72/11, ECLI:EU:C:2011:874, 67. mgr.

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(oj](http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(oj)).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/396/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 10.3.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/398****frá 24. febrúar 2025**

um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/263 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilgreindum yfirráðasvæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/396 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. febrúar 2022 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2022/263⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2022/263 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/266⁽³⁾.
- 3) Hinn 24. febrúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/396 sem breytir ákvörðun (SSUÖ) 2022/266.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/396 er lagt bann, með fyrirvara um tilteknar undantekningar, við afhendingu peningaseðla í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til þeirra svæða í Úkraínu sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar í héruðunum Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia (svæðin sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar).
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/396 eru innleiddar takmarkanir á útflutningi til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar á tilteknum vörum og tækni sem einnig eru takmarkaðar með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽⁴⁾.
- 6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/396 er lagt bann við því að veita þjónustu til svæða sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar varðandi reikningsskil, endurskoðun, bókhald, skattaráðgjöf, viðskipta- og rekstraráðgjöf, almannatengsl, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, arkitektþjónustu, verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf, ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir, tækniþrófanir og greiningar og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi. Þar er einnig lagt bann við því að svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sé útveguð ákveðin tegund hugbúnaðar til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnaðar til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar og tengd hugverkaréttindi eða viðskiptaleyndarmál.
- 7) Í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd, koma í veg fyrir sniðgöngu og efla framfylgd þvingunaraðgerðanna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2022/263, svo og að vernda rekstraraðila í Sambandinu þykir rétt að innleiða nokkur þverlæg ákvæði og breyta orðalagi í tilteknum gildandi ákvæðum.
- 8) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11⁽⁵⁾ breytir ákvörðun (SSUÖ) 2025/396 ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra nánar að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar aðili leitast vísitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar aðili, sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar, er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 9) Reglugerð (ESB) 2022/263 gildir aðeins innan lögsögumarka sem skilgreind eru í 15. gr. þeirrar reglugerðar. Ef rekstraraðilar í Sambandinu geta haft afgerandi áhrif á framferði lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins á skilvirkan hátt geta þeir jafnframt borið ábyrgð á aðgerðum þess lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem grafa undan þvingunaraðgerðunum og ættu að beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir að slíkar aðgerðir eigi sér stað.
- 10) Slík áhrif má leiða af eignarhaldi eða yfirráðum yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun. Eignarhald merkir umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða meirihluta í þeim. Þættir sem gefa til kynna yfirráð eru m.a.: réttur eða vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, réttur til að nota allar eignir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,

réttur til að stjórna starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil, eða réttur til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun.

- 11) Rétt þykir að gera þá kröfu að rekstraraðilar í Sambandinu geri sitt ýtrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2022/263. Til slíkrar starfsemi telst starfsemi sem hefur þau áhrif sem reynt er að koma í veg fyrir með þessum þvingunaraðgerðum, t.d. að viðtakandi á svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar fái vörur, tækni, fjármögnun eða þjónustu af tegund sem fellur undir bönn samkvæmt reglugerð (ESB) 2022/263.
- 12) Leggja ætti þann skilning í bestu viðleitni að hún taki til allra viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða til að ná fram árangri sem kemur í veg fyrir að grafið verði undan þvingunaraðgerðunum í reglugerð (ESB) 2022/263. Aðgerðirnar geta t.d. falið í sér innleiðingu viðeigandi stefna, stjórnækja og verklagsreglna til að draga úr og stýra áhættu á skilvirknan hátt, að teknu tilliti til þátta á borð við þriðja landið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu, atvinnugrein og tegund starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstraraðili í Sambandinu á eða hefur undir sínum yfirráðum. Jafnframt ber að skilja bestu viðleitni svo að hún taki einungis til aðgerða sem eru framkvæmanlegar fyrir rekstraraðilann í Sambandinu í ljósi eðlis hans, umfangs og viðeigandi raunverulegra aðstæðna, einkum þess hversu mikil yfirráð hann hefur yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins. Slíkar aðstæður taka til aðstæðna þar sem rekstraraðili í Sambandinu getur, af ástæðum sem hann sjálfur kom ekki að, s.s. löggjöf þriðja lands, ekki farið með yfirráð yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hann á sjálfur.
- 13) Til að vekja athygli á framfylgd aðgerða þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 14) Ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir sjálfviljugur, að öllu leyti og tímanlega, um brot á þvingunaraðgerðunum ættu lögbær innlend stjórnvöld að geta tekið tilhlýðilegt tillit til þeirrar sjálfstilkynningar við beitingu viðurlaga, eins og við á, í samræmi við landsbundin stjórnvaldslög eða önnur viðeigandi landslög eða reglur. Þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁶⁾ og þær kröfur sem þar eru settar fram varðandi mildandi aðstæður, gilda.
- 15) Rétt þykir að skýra að ekki er hægt að skírskota til varnar gegn bótaábyrgð sem veitt er rekstraraðilum í Sambandinu, ef þeir vissu ekki og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla að aðgerðir þeirra myndu brjóta í bága við þvingunaraðgerðir Sambandsins, ef rekstraraðilar í Sambandinu hafa ekki framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun. Rétt þykir að taka tilhlýðilegt tillit til fyrirliggjandi upplýsinga sem eru aðgengilegar almenningi eða tiltækar við framkvæmd slíkrar áreiðanleikakönnunar. Rekstraraðili í Sambandinu getur því t.d. ekki beitt fyrir sig slíkri vernd þegar hann er sakaður um brot gegn viðeigandi þvingunaraðgerðum þar sem hann hefur ekki framkvæmt einfaldar athuganir eða skoðanir.
- 16) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 17) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2022/263 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2022/263 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki að því er varðar vörur sem eru upprunnar á tilgreindum yfirráðasvæðum og lagðar hafa verið fram til skoðunar hjá úkraínskum stjórnvöldum, sem staðfest hefur verið að uppfylli skilyrði um fríðindauppruna og sem upprunavottorð hefur verið gefið út fyrir í samræmi við samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og Úkraínu hins vegar.“

- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. a

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til tilgreindu yfirráðasvæðanna eða til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á tilgreindu yfirráðasvæðunum eða til notkunar þar.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til tilgreindu yfirráðasvæðanna eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
 - b) til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á tilgreindu yfirráðasvæðunum eða
 - c) borgaralegu samfélagi og fjölmiðastarfsemi sem beinlínis eflir lýðræði, mannréttindi eða réttarreglur á tilgreindu yfirráðasvæðunum og fá opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í viðauka IV. viðauka.“
- 3) Ákvæðum 4. gr. er breytt t sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vörur og tækni, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, sem eru á skrá í II. viðauka:
 - a) til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á tilgreindu yfirráðasvæðunum eða
 - b) til notkunar á tilgreindu yfirráðasvæðunum.
- 1a. Ákvæði II. viðauka skal taka til tiltekinna vara og tækni sem ætluð er til notkunar í eftirfarandi lykilgeirum:
- i. flutningum,
 - ii. fjarskiptageiranum,
 - iii. orkugeiranum,
 - iv. geira leitar, rannsóknar og vinnslu á olíu, gasi og jarðefnaauðlindum.“
- b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.
- 4) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:
- „5. gr.
1. Lagt er bann við því að veita þjónustu, beint eða óbeint, varðandi reikningsskil, endurskoðun, þ.m.t. lögboðin endurskoðun, bókhald, eða skattaráðgjöf, eða rekstrar- og viðskiptaráðgjöf eða almannatengslaþjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á tilgreindu yfirráðasvæðunum.
2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á tilgreindu yfirráðasvæðunum.
- 2a. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði markaðsrannsókna, og skoðanakannana, tækniprófana og greiningarþjónustu og þjónustu tengda auglýsingastarfsemi til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á tilgreindu yfirráðasvæðunum.
- 2b. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega, beint eða óbeint, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar, sem er á skrá í III. viðauka, til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana á tilgreindu svæðunum.
3. Lagt er bann við því að:
- a) veita, beint eða óbeint, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist með beinum hætti grunnvirkjum á tilgreindu yfirráðasvæðunum í geirum sem um getur í 1. mgr. a í 4. gr., óháð því hvar vörurnar og tæknin eru upprunnar,
 - b) veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á tilgreindu yfirráðasvæðunum, beint eða óbeint, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu sem tengist því að útvega vörur og veita þjónustu sem um getur í 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b,
 - c) veita lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á tilgreindu yfirráðasvæðunum, beint eða óbeint, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist því að útvega vörur og veita þjónustu sem um getur í 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b,
 - d) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 2. mgr. b, og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á tilgreindu yfirráðasvæðunum eða til notkunar þar.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.
5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, auk viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 269/2014.
6. Ákvæði 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þjónustu sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
7. Þrátt fyrir 2. mgr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í henni, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta sé nauðsynleg fyrir framlag úkraínskra ríkisborgara til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.
8. Þrátt fyrir 1. mgr., 2. mgr., 2. mgr. a, 2. mgr. b og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu sem um getur í þeim, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þetta sé nauðsynlegt:
- í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
 - fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið á tilgreindu yfirráðasvæðunum,
 - vegna starfsemi alþjóðastofnana, sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru á tilgreindu yfirráðasvæðunum,
 - til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngryti,
 - til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar og hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
 - til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis- afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
 - vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Úkraínu og Sambandsins, og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.
9. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 7. og 8. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 5) Ákvæðum 5. gr. a er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi kemur í stað inngangsorða í 1. mgr.:
„1. Bönnin sem sett eru fram í 5. gr. gilda ekki um veitingu tæknaðstoðar eða þjónustu.“.
 - Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Þrátt fyrir 5. gr. í tilvikum sem falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld veitt sértækar eða almennar heimildir, með þeim almennu eða sértæku skilyrðum og skilmálum sem þau telja viðeigandi, til að veita tæknaðstoð eða þjónustu, að því tilskildu að slík aðstoð og þjónusta séu nauðsynlegar eingöngu í mannúðarskyni á tilgreindu yfirráðasvæðunum.“
- 6) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:
- „6. gr.
- Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti á tilgreindum yfirráðasvæðum.“
- 7) Í stað a-liðar 1. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti og eru staðsettar á tilgreindu yfirráðasvæðunum,“

8) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna vísitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

9) Í stað 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- b) einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem, samkvæmt ákvörðun gerðardóms, dóms eða stjórnslustofnunar, hefur brotið gegn þeim bönnum sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun ef krafan tengist vörum sem bannað er að flytja inn samkvæmt 1. gr.,
- d) aðila, rekstrareiningu eða stofnun á tilgreindu yfirráðasvæðunum,
- e) rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- f) aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- til e-liðar þessarar málsgreinar.

10) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„10. gr. a

Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 15. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir yfirráðum aðila sem um getur í d-lið 15. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a- til f-liðar 1. mgr. 10. gr., leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af aðgerðum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- til f-liðar 1. mgr. 10. gr., sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.

10. gr. b

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 10. gr. a að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

11) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:

- a) heimildir sem veittar eru eða synjað er um samkvæmt þessari reglugerð,
- b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd, viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka, þ.m.t. til að tryggja skilvirkni ráðstafananna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

12) Eftirfarandi grein er bætt við:

„11. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, eftir því sem þurfa þykir, til að hún geti sinnt verkefnum sínum eins og henni er ætlað með þessari reglugerð, í tengslum við framlag hennar til réttar framkvæmdar, framfylgdar og til að koma í veg fyrir að aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, verði sniðgengnar.

1a. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. sérstaka flokka persónuupplýsinga og persónuupplýsinga sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725⁽⁷⁾, til þess að bera kennsl á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til þess að aðstoða aðilana sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar við að fara að þessari reglugerð.

2. Að því er þessa reglugerð varðar er framkvæmdastjórnin tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, í tengslum við þá vinnslu sem er nauðsynleg til að vinna þau verkefni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfírvöld, töllyfírvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁸⁾, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽⁹⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/EU⁽¹⁰⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽¹¹⁾, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/849 og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir ásamt lausafé og fasteignum eru á skrá skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum, við önnur lögbær stjórnvöld síns aðildarríkis, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

4. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679⁽¹²⁾ og reglugerð (ESB) 2018/1725 og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar og til að tryggja skilvirka samvinnu milli aðildarríkja sem og við framkvæmdastjórnina við beitingu þessarar reglugerðar.“

13) Í stað 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög eins og við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og aðildarríki geta tekið tillit til valfrjálstrar sjálfstilkynningar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem mildandi þáttar, í samræmi við viðeigandi landslög.

14) Eftirfarandi grein er bætt við:

„13. gr. a

Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu gera sitt ýrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.“

15) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

- 16) Ákvæðum III. viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
17) Ákvæðum IV. viðauka er bætt við í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/396, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/398/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/263 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilgreindum yfirráðasvæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu (Stjtið. ESB L 42 I, 23.2.2022, bls. 77, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/263/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/266 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við ólöglegri viðurkenningu, hernámi eða innlimun Rússneska sambandsríkisins á tilteknum svæðum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar Úkraínu (Stjtið. ESB L 42 I, 23.2.2022, bls. 109, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/266/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins (þriðja deild) frá 21. desember 2011, *refsimál á hendur Mohsen Afrasiabi og öðrum*, C-72/11, ECLI:EU:C:2011:874, 67. mgr.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj>).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningapvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndar-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj>).